

Áhrifaþættir í samstarfi skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna

Lilja Rós Þorleifsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í menntunarfræði
við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Febrúar 2009

Formáli

Ritgerðin er meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með áherslu á fjölmenningu. Vægi ritgerðarinnar er tuttugu einingar.

Gagnaöflun og ritgerðasmíð fór fram á árunum 2007 og 2008.

Leiðsögukenndari er Hanna Ragnarsdóttir dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Margrét Laxdal sá um yfirlestur og veitti góð ráð um uppsetningu og frágang. Sérstakar þakkir til Helgu Daggar Sverrisdóttur og Þorleifs Guðmundssonar fyrir ómetanlegan stuðning.

Ágrip

Ýmislegt bendir til þess að samstarf skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna sé ekki eins og best verður á kosið. Niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að góð tengsl milli heimila og skóla hafa jákvæð áhrif á námsgetu barna. Þær hafa einnig leitt í ljós mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í mótun skólastarfsins og séu þar af leiðandi með í ákvarðanatökum.

Ólík viðhorf og væntingar foreldra og skóla geta stangast á með þeim afleiðingum að samstarfið verður ekki eins gott og það gæti verið. Foreldrar hafa hugmyndir um skólastarf sem að nokkru leyti byggjast á menningarlegum bakgrunni þeirra og sums staðar er litið á hlutverk skóla sem aðgreint og frábrugðið foreldrahlutverki. Skilningur kennara á aðstæðum barna með erlendan bakgrunn hjálpar til við að gera samstarf heimila og skóla gott. Jafnframt myndast skilningur á þeim væntingum og gildum sem fyrir eru með auknum samskiptum kennara og foreldra. Samstarfið hefur ákveðið forvarnargildi og því væri æskilegt að skapa aðstæður innan skólasamfélags þannig að gott samstarf geti átt sér stað.

Rannsóknarspurning verkefnis er: Hvernig má stuðla að góðu samstarfi á milli kennara og heimila nemenda af erlendum uppruna? Niðurstaðan er sú að margar leiðir eru til að góðu samstarfi milli heimila og skóla en endanleg útfærsla er í höndum einstakra kennara, stjórnenda og starfsmanna skóla þar sem samhugur og samábyrgð ríkir. Það skiptir máli að skólinn eigi frumkvæði að samskiptum við foreldra og hvetji þá til þátttöku í skólastarfi með fjölbreyttum leiðum sem endurspeglar fjölbreytileika foreldrahópsins.

Abstract

Various things indicate that collaboration between schools and homes of students with foreign backgrounds are not as best expected. Studies show that good relations between teachers and parents have a positive effect on the schooling of these students. Furthermore, these studies show the importance of parents' participation in the schools preparations and decision making.

It is important to create conditions that offer diverse options for participation and decision making in the school community. Different views and expectations can be one of the main reasons why the collaboration between the schools and the homes are not as good as it could be. Parents have their own ideas in regards to how the school should be, ideas that are rooted in their cultural backgrounds. With improved communication between the school and home, both parties develop a mutual understanding of present expectations and values that in turn would reduce misunderstandings and other conflicts. Moreover, the teachers awareness of the students' culture can help make the collaboration more effective.

The purpose of this thesis is to answer the question: How can we promote collaboration between teachers and the homes of students with foreign backgrounds? In conclusion, there are many ways to boost collaboration between schools and homes, but the final outcome lies in the hands of the teacher, the school management and other employees in the school where joint responsibility and commitment is strong. It makes a difference if the school has the initiative in collaboration with parents and encourages them to participate in the school using diverse means, which reflect the diversity of all parents.

Efnisyfirlit

FORMÁLI.....	II
ÁGRIP	III
ABSTRACT	IV
EFNISYFIRLIT.....	5
1. INNGANGUR.....	6
1.1 RANNSÓKNARSPURNING OG MARKMIÐ	6
1.2 UPPBYGGING RITGERÐAR.....	7
2. ÍSLENSKT SAMFÉLAG SEM FJÖLMENNINGARSAMFÉLAG.....	9
2.1 FJÖLMENNINGARSAMFÉLAG OG STEFNUMÓTUN STJÓRNVALDA.....	9
2.2 LEIÐIR TIL AÐLÖGUNAR Í NÝJU LANDI	12
2.3 ÁHERSLUR Í MENNTAMÁLUM.....	16
2.3.1 <i>Fjölmenningarleg menntun</i>	17
2.3.2 <i>Skóli án aðgreiningar</i>	19
2.4 UM SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA	20
2.5 SAMANTEKT	22
3. SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA.....	24
3.1 ÞÁTTTAKA FORELDRA	24
3.2 HELSTU ÁHRIFAÞÆTTIR Á SAMSTARF	25
3.2.1 <i>Frumkvæði frá skóla</i>	27
3.2.2 <i>Hugmyndir um uppeldi og menntun</i>	28
3.2.3 <i>Væntingar og gildi</i>	29
3.3 HELSTU HINDRANIR.....	31
3.4 SAMANTEKT	34
4. AÐ BRÚA BILÐ	36
4.1 ÁRANGURSRÍKT SAMSTARF.....	36
4.2 LEIÐIR AÐ ÁRANGURSRÍKU SAMSTARFI	37
4.2.1 <i>Virk samskipti milli heimila og skóla</i>	38
4.2.2 <i>Samhugur og samstaða í skólasamfélagi</i>	39
4.2.3 <i>Hlutverk skólastjórnenda og leiðtoga</i>	41
4.2.4 <i>Efniviður og stuðningur</i>	42
4.2.5 <i>Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfi</i>	44
4.3 SAMANTEKT	45
5. NIÐURLAG	47
HEIMILDASKRÁ.....	50

1. Inngangur

Það má segja að íslenskt samfélag hafi breyst mikið á undanförunum árum úr því að vera einsleitt samfélag í það að vera fjölmenningsamfélag. Breytingar á háttum og siðum heillar fjölskyldu eru óumflýjanlegar þegar flutt er til annars lands og samskiptamáti verður annar. Þar er Ísland ekki undanskilið. Börn þurfa að búa sig undir að hefja skólagöngu í nýju umhverfi, læra nýtt tungumál og kynnast nýjum samnemendum og kennurum. Þess vegna er vert að huga að hvaða áherslur eru í íslensku skólastarfi þar sem nemendahópar eru fjölbreyttari en áður hvað varðar þjóðerni, trú og menningu. Verkefni og vinnuaðferðir kennara breytast með breyttu samfélagi og samstarf milli heimila og skóla er flóknara í dag en áður var.

Því hefur löngum verið haldið fram að barn læri af þeim sem það umgengst og því má segja að foreldrar séu að öllu jöfnu fyrstu kennarar þess. Það sem barni er kennt í frumbersku kemur til með að hafa áhrif á gengi þess í skóla. Vegna þeirrar vitneskju er samstarf heimila og skóla einn af mikilvægustu þáttunum í árangursríku skólastarfi. Það er mín reynsla sem kennari og foreldri tvítýngdra barna að samstarf sé af hinu góða og styrki samband nemanda, kennara og foreldra. En til að það beri árangur þarf að vera gott upplýsingastreymi milli allra aðila sem koma að námi barns. Ekki síst milli skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna til þess að koma í veg fyrir misskilning af einhverju tagi.

1.1 Rannsóknarspurning og markmið

Markmið og tilgangur ritgerðarinnar er að draga fram mikilvæga þætti í samstarfi á milli kennara og foreldra nemenda af erlendum uppruna.

Rannsóknarspurning er svohljóðandi: Hvernig má stuðla að góðu samstarfi milli kennara og heimila nemenda af erlendum uppruna?

Til að svara spurningunni eru meðal annars dregin fram nokkur mikilvæg atriði sem talin eru hafa áhrif á samstarf á milli heimila og skóla, sérstaklega heimila nemenda af erlendum uppruna. Íslenskar og erlendar rannsóknir eru til umfjöllunar auk stefnumótunar stjórnvalda á

aðlögun innflytjenda og á samstarf milli heimila og skóla. Auk þess verður fjallað um hvaða áhrif samstarf hefur á nemendur og hvaða leiðir þykja góðar í átt að árangursríku samstarfi.

1.2 Uppbygging ritgerðar

Meginmál ritgerðarinnar skiptist í þrjú kafla. *Íslenskt samfélag sem fjölmenningsamfélag* nefnist fyrsti kafli sem hefst á umræðu um íslenskt samfélag sem fjölmenningsamfélag og hvað felst í því að flytja til annars lands. Fjallað er um hvaða leiðir eru færar til aðlögunar að nýju samfélagi og skoðað hvað íslensk stjórnvöld leggja áherslu á í því sambandi. Síðan er fjallað um menntamál og hvaða leiðir eru opnar fyrir nemendur af erlendum uppruna. Þar er sjónum beint að fjölmenningslegri menntun (e. *multicultural education*) og skóla án aðgreiningar (e. *inclusion*). Markmið kaflans er að skoða hugmyndir og markmið í menntamálum sem hefur fjölbreytileika nemendahóps að leiðarljósi og hvaða forsendur liggja að baki samstarfi kennara og heimila nemenda af erlendum uppruna. Í lok kaflans eru helstu atriði dregin saman.

Áhrifaþættir í samstarfi skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna er viðfangsefni næsta kafla sem nefnist: *Samstarf heimila og skóla*. Í nútímasamfélagi finnast margbreytilegar fjölskyldugerðir og gera má því ráð fyrir ólíkum hugmyndum um uppeldi og menntun. Margir þættir spila saman sem áhrifavaldar í samstarfi og þá er æskilegt fyrir kennara og starfsfólk skóla að þekkja þá. Sú vitneskja gæti komið í veg fyrir að hugmyndir kennara og foreldra um skólastarf stangist á með þeim afleiðingum að ágreiningur verði. Áður en helstu atriði kaflans eru dregin saman er fjallað um hvað gæti komið í veg fyrir að árangursríkt samstarf eigi stað og hvað kennara ber að hafa í huga þegar unnið er með nemendur af erlendum uppruna.

Síðasti kafli nefnist: *Að brúa bilið*. Meginviðfangsefnið er að skoða hvað kallast árangursríkt samstarf, en þar gegna kennarar og annað starfsfólk skóla lykilhlutverki. Hér er rannsóknarspurningu ritgerðarinnar svarað og fjallað er um ólíkar leiðir sem stuðla að góðu samstarfi milli

kennara og foreldra nemenda af erlendum uppruna. Til grundvallar liggja hugmyndir Epsteins (2002) og C. A. M. Banks (2005). Helstu atriði kaflans eru dregin saman í lokin.

2. Íslenskt samfélag sem fjölmenningsamfélag

2.1 Fjölmenningsamfélag og stefnumótun stjórnvalda

Skilgreining á fjölmenningsamfélagi samkvæmt orðabók er:

„Velheppnuð sambreyskja ólíkra menningarhefða“. Einnig er tekið fram í skilgreiningunni: „ólíkar menningarhefðir og hópar þrífast hlið við hlið“ (Mörður Árnason, 2002, bls. 343). Í íslensku er orðið fjölmennings vanalega ekki notað eitt og sér heldur í samsettum orðum eins og: fjölmenningsleggt samfélag, fjölmenningslegur skóli og svo framvegis (Guðrún Pétursdóttir, 2006). Þegar fjallað er um fjölmenningsamfélag er átt við svæði þar sem fólk með ólíkan menningarbakgrunn býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli. Til að mynda er fjölmennings í hverju samfélagi þar sem tækninýjungar eins og veraldarvefur, sjónvarp, gervihnattadiskar og kvikmyndir, auk bættra samgangna og ferðalaga eru þættir í að menningarhrif berist á milli einstaklinga og landa (Erickson, 2005; Guðrún Pétursdóttir, 2006). Guðrún Pétursdóttir (2006) talar um að skilgreining á fjölmenningslegu samfélagi sé mismunandi og fari það meðal annars eftir því hvort það séu evrópskir eða bandarískir höfundar sem fjalla um málefnið. Því gerður er greinarmunur á margmenningarlegum samfélögum (e. *multicultural societies*) og fjölmenningslegum samfélögum (e. *intercultural societies*). Margmenningarlegt samfélag er samfélag þar sem fólk með ólíka menningu, þjóðerni og trú býr á sama landssvæði en samskipti á milli þeirra eru lítil. Í slíku samfélagi er hið ólíka litið hornauga og jafnvel notað sem réttlætning fyrir mismunun. Minnihlutahópar eru látnir afskiptalausir og ekki viðurkenndir eða metnir að verðleikum. Í fjölmenningslegu samfélagi býr fólk með ólíka menningu, þjóðerni og trú en þar eru samskipti opin. Hér er um að ræða umburðarlyndi, virðing fyrir ólíkum lífsháttum og samskipti sem eru á jafnréttisgrundvelli (Guðrún Pétursdóttir, 2006).

Undanfarin ár hefur umræða um fjölmenningsamfélag verið nokkur meðal fræðimanna og fjölmiðla á Íslandi (Hanna Ragnarsdóttir, 2007b). Sjónum hefur meðal annars verið beint að aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi, réttindum þeirra og móttöku og aðlögun barna að íslensku skólakerfi.

Fjölmenningsarsetur á Ísafirði var formlega stofnað árið 2001 og er hlutverk þess að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við innflytjendur (Fjölmenningsarsetur, e.d.). Sama ár var fjölmenningsarstefna samþykkt í Reykjavík og er markmið hennar:

Að reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna. Að draga úr fordómum gagnvart útlendingum. Að stofnanir tryggja að útlendingar geti nýtt sér þjónustu þeirra til fulls. Að börn af erlendum uppruna geti nýtt sér skólakerfið til jafns við önnur börn. Að öllum útlendingum sé gefinn kostur á íslenskunámi við hæfi og þeir hvattir til að læra íslensku. Að þekking og menntun útlendinga nýtist bæði þeim og öðrum borgarbúum. Að Reykvíkingar nýti sér menningarlega fjölbreytni samfélagsins. Að borgaryfirvöld hafi aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um hagi útlendinga. Að útlendingar þekki rétt sinn og skyldur. Að brugðist sé við ef brotið er á fólki vegna uppruna þeirra (Reykjavíkurborg, 2001).

Alþjóðahúsi var komið á fót árið 2001 og gegnir það veigamiklu hlutverki þegar kemur að því að framfylgja fjölmenningsarstefnu Reykjavíkurborgar. Helstu viðfangsefni Alþjóðahúss er margs konar þróunarstarf, miðlun og öflun upplýsinga, túlkajónusta, sérhæfð ráðgjöf, fræðsla og menningarstarf. Jafnframt að stuðla að samþættingu og gagnkvæmri aðlögun eins og kveður á um í stefnunni (Reykjavíkurborg, 2001).

Reykjavíkurborg var fyrsta sveitarfélagið til að móta heildstæða mannréttindastefnu og var hún samþykkt árið 2006. Hún tekur á mannréttindum á breiðari grundvelli en gert er í fjölmenningsarstefnu og er það dæmi um breytt viðhorf og áherslur í þjóðfélaginu og leysir í raun fjölmenningsarstefnuna af hólmi. Þar stendur meðal annars:

Óheimilt er að mismuna borgarbúum vegna uppruna þeirra, litarháttar, þjóðernis, menningarlegs bakgrunns eða vegna hvers kyns flokkunar sem byggð er á kynþáttahyggju. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum og allir eiga rétt á sanngjarnri framkomu, óháð uppruna eða þjóðerni. Varast ber að flokka alla sem falla undir þessar skilgreiningar sem einn hóp og gæta þarf þess sérstaklega að greina stöðu kvenna í borginni sem eru af erlendum uppruna annars vegar og karla í borginni sem eru af erlendum uppruna hins vegar og bregðast við ef á annað kynið hallar (Reykjavíkurborg, 2006).

Jafnframt er lögð áhersla á að allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla á vegum borgarinnar taki mið af þörfum barna af erlendum uppruna. Mannréttindanefnd hefur umsjón með að ákvæðum stefnunnar sé framfylgt (Reykjavíkurborg, 2006).

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda frá árinu 2007 markar nokkur tímamót í íslensku samfélagi því þar er um að ræða fyrstu heildarstefnumörkun ríkisstjórnarinnar er snertir fjölmeningarsamfélagið (Félagsmálaráðuneytið, 2007; Hanna Ragnarsdóttir, 2007b). Þar stendur: „Hornsteinn hins íslenska réttarríkis er lýðræði, mannréttindi, samábyrgð og einstaklingsfrelsi. Þessi gildi eru leiðarljós í aðlögun innflytjenda að samfélaginu og samfélagsins að þeim öru breytingum sem alþjóðavæðingunni fylgja“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 6). Í stefnu ríkisstjórnarinnar kemur fram að þátttaka nýrra Íslendinga á öllum sviðum samfélagsins er mikilvæg. Jafnframt að virðing fyrir gildum lýðræðis skuli ávallt vera höfð að leiðarljósi (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Lýðræðisímynd er ekki aðeins stjórnskipulag sem byggist á kenningum eða sáttmálum í þjóðfélagi. Forsenda lýðræðis er að ala upp meðvitaða og ábyrga einstaklinga sem eru færir um þátttöku í opnu og frjálsum þjóðfélagi, þar sem frjálsar opnar samræður, ritfrelsi og skoðanaskipti eru stunduð (Dewey, 1916). Að mati Dewey er lýðræði besta stjórnarfarið til að tryggja frelsi einstaklinga sem gefur þeim tækifæri til þátttöku í samfélagi. Hugtakið lýðræði snýst um íbúa samfélags þar sem trú á mannlegt eðli

ríkir og að hver og einn eigi rétt á jöfnum tækifærum og rétt til þess að þroska eiginleika sína (Dewey, 1916).

2.2 Leiðir til aðlögunar í nýju landi

Menning (e. *culture*) er fyrir hendi í öllum samfélögum og hefur áhrif á gildi okkar, viðhorf og trú. Í gegnum tungumálið, leik, listir og bókmenntir öðlast börn menningu frá foreldrum sínum og nánasta umhverfi (Guðrún Pétursdóttir, 1999; Segall, Dasen, Berry og Poortinga, 1991/1999). Menning er margþætt hugtak en hefðbundna skilgreiningin er sú að hver og einn hefur um það að segja á hvern hátt menning mótask. Menning mótask einstakling, hugsun hans og hegðun eins og einstaklingur mótask menningu (Arnar Árnason, 2003; Erickson, 2005).

Þegar fólk flytur búferlum til annarra menningarsvæða eru margvíslegar breytingar á háttum þeirra og síðum óumflýjanlegar. Hugtakið menningaraðlögun (e. *acculturation*) er notað til að lýsa þeim farvegi sem einstaklingar falla í þegar þeir flytja til annars lands og í því sambandi er talað um fjórar mismunandi leiðir til aðlögunar: samlögun (e. *assimilation*), samþætting (e. *integration*), aðskilnaður (e. *separation*) og einangrun (e. *marginality*). Þessi hugtök eru oftast notuð til að varpa ljósi á þau tengsl sem innflytjendur mynda við ríkjandi menningu og til þeirrar hugmyndafræði sem er grundvöllur stefnumótunar í málefnum þeirra (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007; Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 1997).

Dæmi um samlögun (e. *assimilation*) er þegar innflytjendur segja skilið við upprunalega menningu og tungumál en tileinka sér þess í stað menningu og tungumál nýja landsins. Markmiðið er að öðlast menningarlega færni í samfélagi meirihlutans en um leið afmá upprunalegu menningareinkenni sín. Þá breyta sumir innflytjendur um síði og gildismat til að falla betur að samfélagi meirihlutans og til að öðlast þá menningarlegu færni sem krafist er. Einnig samsama þeir sig að hinu nýja þjóðerni með því að skilgreina upp á nýtt hvaða þjóðerni þeir tilheyra (e. *ethnic identity*) (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007; Rannveig

Þórisdóttir o.fl., 1997). Stefnunmörkun í málefnum innflytjenda og þjóðernisminnihluta á Vesturlöndum hefur lengst af byggt á þeirri hugmyndafræði að samlögun sé farsælasta leiðin til aðlögunar innflytjenda. Birtingarmynd samlögunnar í Norður-Evrópu og Bandaríkjunum er sú að börnum er kennt tungumál meirihlutans um leið og stuðlað er að því að þau gleymi eigin móðurmáli. Þetta var á sínum tíma talin besta leiðin til að læra nýtt mál (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 1997). Samþætting (e. *integration*) er þegar innflytjendur leitast við að tileinka sér menningu meirihlutans en viðhalda eigin menningu og tungu. Þá er leitast við að uppfylla kröfur tveggja menningarheima þar sem innflytjendur reyna að aðlaga sig að ólíkum samskiptareglum, auk þess sem gildismat getur verið ólíkt. Má þar nefna fjölkvæni sem þykir sjálfsagt á einum stað en er fordæmt á öðrum. Innflytjendur þurfa að einhverju leyti að samsama sig báðum menningarheimum eða skilgreina sig sem hluta af báðum hópum. Þá er samfélagi líkt við „salatskál“ þar sem hinir ólíku menningarhópar halda sérkennum sínum á sama tíma og þeir tileinka sér menningu meirihlutans. Í þessu liggur grundvallarmunurinn á samlögun og samþættingu. Stefnunmótun sem byggir á þessari hugmyndafræði snýst því um að innflytjendur rækti tengslin við upprunamenningu og móðurmál sitt. Samhliða því að þeir rækti móðurmálið er æskilegt að skapa þeim aðstæður til að nota og læra tugumál meirihlutans. Siðir eru hluti af menningu hvers lands og þurfa þeir sem flytjast búferlum að þekkja að hluta til þá siði sem landinn hefur tileinkað sér og það gerist smátt og smátt hjá flestum. Í stefnunmótun um móttöku innflytjenda þarf að gera ráð fyrir slíku, til þess að þeir falli betur inn í samfélagið og til að gera þeim betur kleift að búa og starfa í landinu. Rannveig Þórisdóttir o.fl. benda jafnframt á að samþætting sé æskilegasta leiðin til aðlögunar vegna þess öryggis sem felst í því að viðhalda félagslegum og menningarlegum tengslum við upprunann. Samþætting er einnig talin koma í veg fyrir stofnanabundna mismunun þjóðernishópa, einangrun og kynþáttahatur (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 1997). Í skýrslu nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2004, um aðlögun

innflytjenda kemur fram að í lýðræðisþjóðfélögum hlýtur samþætting ávallt að vera markmið heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda (Félagsmálaráðuneytið, 2005). Markmið ríkisstjórnar Íslands um aðlögun innflytjenda er „að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu og á sem flestum sviðum mannlífs“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 2). Í stefnu ríkisstjórnarinnar virðist hugmyndafræðin um samþættingu liggja til grundvallar en hugtakið er ekki notað sem slíkt í þessu samhengi.

Hætta er á einangrun (e. *marginality*) þegar innflytjendur tileinka sér ekki nýju menninguna og sleppa tengslum við sína eigin. Ef engin aðlögun á sér stað er talað um aðskilnað (e. *separation*) sem felur í undirokun meirihlutans í félags-, efnahagslegum og pólitískum skilningi. Þegar svo er komið er yfirleitt um hóp að ræða sem býr á afmörkuðu svæði. Aðskilnaður og einangrun samræmast ekki opinberri stefnumótun vestrænna ríkja en eru oft afleiðingar þeirrar stefnu sem ríkir án þess að það sé ætlunin (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 1997).

Portes og Rumbaut (2001) benda á að samlögun sé virk leið í menningaraðlögun innflytjenda í Bandaríkjunum og halda því fram að aðlögun annarrar kynslóðar innflytjenda sé lagskipt samlögun (e. *segmented assimilation*). Þegar fjallað er um lagskipta samlögun er átt við að ekki öðlast allir innflytjendur viðurkenningu og aðgang að samfélagi meirihlutans. Um er að ræða þrenns konar leiðir. Tvær fyrstu leiðirnar renna beint inn í samfélagið, annars vegar þeir sem eru á efnahagslegri uppleið og samlagast félagslega, menningarlega og stjórnmálalega inn í miðstétt samfélags. Hins vegar innflytjendur sem hafa sterkar rætur í upprunamenningu og vilja iðka siði og hefðir hennar þótt framkvæmdin breytist að einhverju leyti. Þriðja leiðin vísar beint niður á við, til neðstu laga samfélagsins og ræðst meðal annars af efnahag þeirra, uppruna og kynþætti (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007; Portes og Rumbaut, 2001).

Portes og Rumbaut tala um að aðlögun innflytjenda sé afar ólík og það fari meðal annars eftir upprunalandi hvers og eins hvernig samfélagið tekur á móti þeim. Innflytjendum er með þessu mismunað, að

þeirra mati, sem hefur áhrif á móttöku og þá aðlögun sem þeir fá í samfélaginu. Það eru nokkrir þættir sem Porters og Rumbaut telja að spili veigamikilið hlutverk þegar kemur að því á hvern hátt móttöku innflytjenda er háttáð. Þeir nefna í því samhengi aldur innflytjanda, menntun hans og stöðu í samfélagi og hver kunnátta hans er í tungumálinu sem talað er í nýju landi (Portes og Rumbaut, 2001).

Opinber stefnumótun á Íslandi virðist hafa hugmyndafræðina um samþættingu að leiðarljósi (Félagsmálaráðuneytið, 2007) en samkvæmt könnun frá árinu 2008 er það útbreidd skoðun meðal Íslendinga að það sé best fyrir þjóðfélagið í heild sinni að innflytjendur haldi ekki sínum hefðum og siðum. Hvað varðar atvinnumál telur stór hluti Íslendinga að innflytjendur séu í samkeppni við þá um atvinnu og að þátttaka þeirra í íslensku atvinnulífi lækki meðallaun (Eva Heiða Önnudóttir og Njörður Sigurjónsson, 2008).

Aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi hefur ekki verið eins og best verður á kosið samkvæmt nýlegri landskönnun Rauða kross Íslands sem ber heitið *Hvar þrengir að?*. Könnunin var gerð í árslok 2005 og í upphafi 2006 og náði til þeirra sem standa höllum fæti í íslensku samfélagi. Þeir sem standa höllum fæti eru skilgreindir sem:

„Einstaklingar sem geta ekki verið fullgildir þátttakendur í samfélaginu og notið þeirra lífsskilyrða og þæginda sem teljast eðlileg á hverjum tíma, hverjar sem svo ástæður þess kunna að vera“ (Rauði kross Íslands, 2006, bls. 6). Innflytjendur eru þriðji stærsti hópurinn og hinir hóparnir eru öryrkjar, einstæðar mæður, aldraðir, karlar sem eru einstæðingar, geðfatlaðir og börn sem búa við erfiðar aðstæður. Í könnuninni er tekið fram að ekki eru allir innflytjendur bágstaddir heldur þeir sem búa við tilteknar aðstæður, eins og láglaunafólk, þeir sem hafa veik félagsleg tengsl og eru félagslega einangraðir. Þau börn sem búa ekki við sömu lífsgæði og önnur börn á Íslandi þurfa því aukinn stuðning frá samfélagi og þar gegnir skóli lykilhlutverki. Meðal annars er talað um stefnuleysi stjórnvalda í málefnum innflytjenda og þörf á markvissri íslenskukennslu. Jafnframt kemur fram að þjónusta og úrræði fyrir innflytjendur sé oft háð

stærð og fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga hér á landi. Betri þjónusta og fleiri og fjölbreyttari úrræði sveitarfélaga hljóta þá að skipta máli til að allir njóti sömu tækifæra og til að tryggja jöfnuð allra barna (Rauði kross Íslands, 2006). Rauði krossinn hefur áður framkvæmt samskonar könnun, árið 1994 og 2000. Í könnuninni frá árinu 2000 kemur fram, líkt og í fyrrnefndri könnun, að börn innflytjenda eru í áhættuhóp og að skólar þurfi sérstaklega að hlúa betur að þessum börnum (Rauði kross Íslands, 2000).

2.3 Áherslur í menntamálum

Það má líta á skóla sem vinnustað og samfélag þriggja aðila: nemenda, starfsmanna og foreldra. Í því samfélagi er þess vænst að allir þegnar búi við réttlæti og viðurkenningu fyrir því sem er vel gert, að skapa þeim góðar aðstæður og að þeim líði vel við störf og leik. Til að ná markmiðum þurfa samskipti einstaklinga að einkennast af virðingu fyrir þeim réttindum og skyldum sem hver og einn hefur og öll umgengi á að bera vott um háttvísi, kurteisi og tillitssemi (Rúnar Sigþórsson o.fl., 1999).

Í almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla (2006) stendur að:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu. Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006, bls. 9).

Í þessu samhengi er minnst á í aðalnámskránni að það sé hlutverk kennara að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum sem stuðla að heilbrigðri dómgreind, umburðarlyndi, virðingu, náungakærleik og verðmætamati. Jafnframt er það hlutverk grunnskólans, samkvæmt aðalnámskrá, að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi og þar er

jafnrétti til náms eitt grundvallarviðmið í skólastarfinu. Jafnrétti til náms felur í sér að bjóða nemendum upp á nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Til þess að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi verður skólinn að bjóða fram margvísleg en jafngild námstækifæri við hæfi allra nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006). Um menntamál segir í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda að nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskóla með annað móðurmál en íslensku eigi rétt til náms í íslensku sem öðru tungumáli og fái eftir því sem kostur er tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Í 16. grein laga um grunnskóla (91/2008) er gert ráð fyrir að sérhver skóli eða sveitarfélag hafi móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna. Móttökuáætlunin á að taka mið af bakgrunni nemenda, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Skóli á jafnframt að tryggja að nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Skólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu nemenda í móðurmáli sem hluta af skyldunámi í erlendu tungumáli.

2.3.1 Fjölmennningarleg menntun

Í nútímasamfélögum hafa forsendur menntunar breyst og fjölmennningarlegt sjónarhorn á markmið og framkvæmd menntunar hljóta þá að skipta meginmáli (Erickson, 2005; Hanna Ragnarsdóttir, 2007b). Það er mikilvægt að bera virðingu fyrir menningu og móðurmáli nemenda af erlendum uppruna og því ákjósanlegt að beita fjölmennningarlegum kennsluháttum í því samhengi. Með slíkum kennsluháttum er einnig leitast við að vinna gegn því álagi sem sjálfsmyndin verður fyrir þegar einstaklingar aðlagast annarri menningu og miðar að því að uppræta þjóðhverfan hugsunarhátt og fyrirbyggja að forsendur skapist fyrir kynþáttafordóma og stofnanabundna mismunun. Fjölmennningarleg menntun (e. *multicultural education*) felur meðal annars í sér fræðslu um aðra menningarheima, hún brúar bilið milli ólíkra menningarheima og

leitast við að taka tillit til þess að menningarlegar þjargir nemenda eru ólíkar (Rannveig Þórisdóttir o.fl., 1997).

Fjölmennningarleg menntun samkvæmt J. A. Banks felur í sér að minnsta kosti þrennt: hugmynd eða hugtak, umbótahreyfing í menntun og ferli. Slík menntun byggist á því að allir nemendur eigi jöfn tækifæri til náms óháð kyni þeirra, stétt, kynþætti og bakgrunni (Hanna Ragnarsdóttir, 2007b; J. A. Banks, 2005). Eitt af aðalmarkmiðum fjölmennningarlegrar menntunar er að breyta kennslu- og námsaðferðum svo að nemendur af báðum kynjum og frá ólíkum menningarheimum (hér er einnig átt við heimamenningu) hafi jafnan möguleika til að læra í skólum (J. A. Banks, 2005).

Guðrún Pétursdóttir (2004) fjallar um þróun fjölmennningarlegrar menntunar í grein sinni *Fjölmennningarleg hæfni — nauðsyn í nútímasamfélagi?* Þar talar hún um að upphaflega hafi umræðan um fjölmennningarlega menntun í Evrópu fyrst og fremst snúist um sérkennslu fyrir innflytjendur og hvernig þeir gætu aðlagast samfélaginu. Síðan snerist umræðan um aðlögun innflytjenda þar sem áhersla var lögð á að kenna nemendum um ólíka þjóðmenningu en þá voru nemendur af erlendum uppruna yfirleitt gerðir fulltrúar þeirra þjóðmenningar. Þrátt fyrir samfélagslegar breytingar í Evrópu snerist fjölmennningarleg menntun aðeins um kennslu innflytjenda þar sem ekki var talin þörf á að breyta kennsluháttum meirihlutahópsins. Á níunda áratugnum átti sér stað mikilvæg umræða í Evrópu um hugtakið fjölmennningarleg menntun. Hún snerist að mestu leyti um þá hugmyndafræði og markmið sem fjölmennningarleg menntun felur í sér. Umræðan fól einnig í sér þær þjóðfélagslegu breytingar sem kölluðu á ákveðna fjölmennningarlega hæfni (e. *intercultural competence*) en það er hæfni til að lifa og starfa í nútíma samfélagi sem einkennist af fjölmenningu. Síðan átti sér stað víðtækari umræða um fjölmennningarlega menntun þar sem áhersla var lögð á kennsluhætti og hlutverk kennara við að styrkja fjölmennningarlega hæfni hvers og eins nemenda, í stað sérkennslu innflytjenda. Talið er að á þann hátt gagnist fjölmennningarleg menntun öllum nemendum (Guðrún

Pétursdóttir, 2004). Samkvæmt þessari þróun sem Guðrún talar um hafa skilgreiningar á fjölmenningu og fjölmenningarlegri menntun breyst þar sem sjónum er nú beint að víðtækari skilgreiningu sem nær til allra nemenda (Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir og Hildur Blöndal, 2007).

Á Íslandi hefur nokkuð borið á að skólar taki upp fjölmenningarlega kennsluhætti og þar gegnir Austurbæjarskóli forystuhlutverki sem móðurskóli í fjölmenningarlegri menntun. Í skólanum er um 20% nemenda af 30 ólíkum þjóðernum. Í jafnréttisáætlun Austurbæjarskóla kemur fram að markmið skólans sé að starfa samkvæmt hugmyndinni skóli án aðgreiningar og þar er áhersla lögð á fjölbreytileika fólks, virðingu, vinsemd og vellíðan nemenda og starfsmanna og fjölbreytta kennsluhætti (Austurbæjarskóli, e.d.).

2.3.2 Skóli án aðgreiningar

Auk fjölmenningarlegrar menntunar er annað sjónarhorn einnig áberandi í menntamálum til að koma á mótis við fjölbreytileika nemendahóps, en það nefnist skóli án aðgreiningar (e. *inclusion*). Samkvæmt Hafdís Guðjónsdóttur (2003) er meginmarkmið skóla án aðgreiningar að þjóna öllum nemendum vel, í samræmi við ábyrgð skólans þar sem hugað er að öllum minnihlutahópum. Í slíkum skóla þarf að aðlaga kennslu að margbreytilegum þörfum nemenda og unnið er gegn hugarfari mismununar.

Í aðalnámskrá grunnskóla (2006) stendur: „Í skóla án aðgreiningar skal leitast við að gera fötluðum nemendum, langveikum og nemendum, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, kleift að stunda nám við skólann eftir því sem tæk eru á.“ Hið sama gildir um heyrnarlausu nemendur og nemendur af erlendum uppruna (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006, bls. 11). Í lögum um grunnskóla (91/2008) kemur hugtakið skóli án aðgreiningar í fyrsta skiptið fram í lagagrein (Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar, e.d.), en þar stendur: „Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án

tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis“ (Lög um grunnskóla, 91/2008, 17. grein).

Hafdís Guðjónsdóttir (2003) telur kennslu án aðgreiningar vandasamt verk þar sem kröfur eru gerðar til kennara um aukna færni og þekkingu þar sem nemendur með andlega og líkamlega fötlun, athyglisbrest, ólík trúarbrögð og menningarbakgrunn eru saman í bekk. Hafdís segir frá gagnrýni kennara og fræðimanna á hugmyndinni með þeim rökum að almennir bekkjakennarar séu ekki í stakk búnir til að taka á móti svo fjölbreyttum hóp. Gagnrýnendur telja að þörf sé á fleiri og nákvæmari rannsóknum þar sem fatlaðir einstaklingar sem dæmi, þurfa sérþeka þjónustu og kennslu og viðhalda þarf þeirri þjónustu sem sérskólar hafa séð um því foreldrar verða að hafa val. Jafnframt minnst Hafdís á mikilvægi þess að kennarar eigi gott samstarf við foreldra því áhrif fjölskyldu á nám barna er ekki minna en skólans (Hafdís Guðjónsdóttir, 2003).

Skóli án aðgreiningar er nú orðin opinber menntastefna Íslands og var rannsóknarstofa um málefnið stofnuð sumarið 2008. Stefnan snýst um bætt menntun kennara, skipulag skóla, nám og kennslu sem hefur góða menntun allra að leiðarljósi, lýðræði og félagslegt réttlæti í skólum. Jafnframt er stefnan ein af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og yfirlýst menntastefna Evrópusambandsins (Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar, e.d.). Það má segja að stefnan sé tiltölulega ný í lögum um menntamál á Íslandi en þó hafa nokkrir skólar tileinkað sér hugmyndafræðina. Óhætt er að taka undir orð Hafdísar Guðjónsdóttur að skóli án aðgreiningar er „langtímamarkmið sem krefst mikillar ígrundunar og samvinnu kennara, stjórnenda, nemenda, heimila og samfélagsins ef það á að nást (Hafdís Guðjónsdóttir, 2003, bls. 65).

2.4 Um samstarf heimila og skóla

Nemendur, starfsmenn og foreldrar mynda skólasamfélag í hverjum skóla. Þar sem foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna hvílir á þeim sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu „eins

móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006, bls. 20). Jafnframt kemur fram í aðalnámskránni (2006) að skólinn eigi að aðstoða foreldra og forráðamenn í uppeldishlutverki og bjóða fram menntunartækifæri. Skólustjórnendur og umsjónarkennarar bera aðalábyrgð á að halda virku samstarfi gangandi og „skulu kennarar kappkosta að hvetja foreldra og forráðamenn til að sýna frumkvæði í samstarfinu“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006, bls. 21). Í lögum um grunnskóla kemur fram að grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimila og skóla til þess að tryggja farsælt skólastarf, velferð og öryggi nemenda (91/2008, 2. grein). Í stefnu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að hvetja foreldra og forráðamenn af erlendum uppruna til þátttöku í skólastarfi. Í því samhengi eru eftirfarandi leiðir nefndar: Að kennarar og skólayfirvöld hvetji foreldra til að sækja foreldrafundi og foreldraviðtöl. Að kennarar og skólayfirvöld leggi áherslu á að styrkja tengsl við heimili barna af erlendum uppruna og að stöðluð bréf og skilaboð milli heimila og skóla verði þýdd á móðurmáli flestra foreldra sem tala ekki íslensku. Einnig er lögð áhersla á að skólar leiti allra leiða til að bjóða foreldrum og forráðamönnum af erlendum uppruna að taka þátt í foreldrastarfi (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 15). Ljóst er að samstarf milli heimila og skóla er í hávegum haft í stefnumótun menntamála og er það kennara og starfsfólks skóla að eiga frumkvæði að því.

Í aðalnámskrá grunnskóla (2006) er gert ráð fyrir að foreldrar og forráðamenn taki þátt í að móta skólasamfélagið og vinni að því með stjórnendum skóla, kennurum og starfsmönnum að koma markmiðum skólastarfsins í framkvæmd. Fjölskylda, skóli og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun barns og með auknum kynnum foreldra og forráðamanna af daglegu starfi í skólanum aukast líkur á vellíðan nemanda og árangri. Samkvæmt aðalnámskrá er „mjög mikilvægt að foreldrar og forráðamenn fylgist vel með skólagöngu barna sinna, líðan þeirra í skóla, námsárangri og framförum“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006, bls. 21). Foreldrum og forráðamönnum ber að upplýsa skólann um

hagi barnsins, almennan þroska og þá þætti sem geta haft áhrif á líðan þeirra og frammistöðu í skólanum. Kennara ber að miðla upplýsingum til foreldra um áætlanir skólans og skólastarfið. Slíkar upplýsingar þurfa að vera skýrar og góðar og samkvæmt aðalnámskránni er hægt að miðla þeim í foreldraviðtali, sameiginlegum kynningarfundum með foreldrum í skólanámskrá og á vefsíðu skólans (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006).

Í aðalnámskrá grunnskóla (2006) kemur fram að ákvarðanatöku í skólamálaum hefur færst nær foreldrum og forráðamönnum og það undirstrikar þörf fyrir samstarfsvettvang þeirra. Í því sambandi er starfsemi foreldrafélaga í stöðugri þróun og þar hafa foreldrar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun. Sömu áherslur koma fram hjá Landsamtökum foreldra (Heimili og skóli, e.d.). Á Alþingi þann 29. maí 2008 voru ný lög um leikskóla, grunn- og framhaldsskóla, ásamt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda samþykkt. Í lögnum er gert ráð fyrir aukinni þátttöku foreldra og nemenda í skólastarfi og „sköpuð skilyrði fyrir aukinni þátttöku foreldra í skólastarfi og sterkari tengslum þeirra við stjórn skóla og skólasamfélagið almennt“ (Ný menntastefna, 2008).

2.5 Samantekt

Umræða um Ísland sem fjölmenningsamfélag hefur verið nokkur meðal fræðimanna og fjölmiðla og margt hefur gerst í málefnum innflytjenda undanfarin ár. Fjölmenningssetrið á Ísafirði og Alþjóðahús var sett á fót árið 2001 auk þess var fjölmenningsstefna Reykjavíkurborgar samþykkt sama ár og mannréttindastefnan fimm árum síðar. Stefna ríkisstjórnarinnar árið 2007 um aðlögun innflytjenda markar þó nokkur tímamót í íslensku samfélagi þar sem um er að ræða fyrstu heildarstefnumörkun ríkisstjórnarinnar er snertir fjölmenningsamfélagið.

Talað er um fjórar mismunandi leiðir til aðlögunar, þær eru: samlögun, samþætting, aðskilnaður og einangrun. Á Íslandi og í öðrum lýðræðisþjóðfélögum er samþætting talin farsælasta leiðin og liggur sú

hugmyndafræði til grundvallar í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Vísbendingar eru þó um að misræmis gæti í stefnu og framkvæmd stjórnvalda þar sem skoðun margra Íslendinga á aðlögun innflytjenda samræmist ekki opinberri stefnumótun stjórnvalda um aðlögun að íslensku samfélagi. Einnig eru innflytjendur stór hópur þeirra sem standa höllum fæti í íslensku samfélagi. Velta má vöngum yfir hvort hér sé um að ræða lagskipta samlögun, samanber hugmyndir Portes og Rumbaut.

Forsendur menntunar hafa breyst og mikilvægt er að borin sé virðing fyrir menningu og móðurmáli nemenda af erlendum uppruna. Meginmarkmið fjölmenningarlegrar menntunar og skóla án aðgreiningar er að þjóna öllum nemendum vel, í samræmi við ábyrgð skóla þar sem hugað er að öllum minnihlutahópum. Auk þess er áhersla lögð á að aðlaga nám að margbreytilegum þörfum nemenda og vinna gegn hugarfari mismununar.

Eitt grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélagi er réttur þegna á jöfnum tækifærum og leitast ríkisstjórnin við að ná þeim markmiðum með stefnu sinni. En það er erfitt að segja til um hvernig stefnu ríkisstjórnar, fjölmenningarstefnu og mannréttindastefnu er nákvæmlega framfylgt.

Kennarar og annað starfsfólk geta að öllum líkindum haft mikil áhrif á aðlögun sé þekking á aðlögunarferli innflytjenda til staðar. Kennari gæti þar með auðveldað ferlið með því að vera stoð og stytta nemanda og fjölskyldu hans. Það krefst þess að náið samstarf eigi sér stað á milli skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna, en rík áhersla er lögð á samstarfið í stefnuskrám íslenskra menntastofnanna.

3. Samstarf heimila og skóla

3.1 Þátttaka foreldra

Foreldrar er fjölbreyttur hópur sem hefur ólíkar væntingar og skoðanir á starfi skólans og ólíka reynslu af eigin skólagöngu. Samstarf foreldra og kennara er mikilvægt fyrir nemendurna að því leyti að þeir hafa þörf fyrir viðurkenningu innan samfélagsins og samstarfið hefur áhrif á það.

Heimamening og skólamening spila saman sem áhrifavaldar í lífi barna (C. A. M. Banks, 2005; Hanna Ragnarsdóttir, 2004a; Siraj-Blatchford, 1994; Wrigley, 2003).

Fjölskyldumynstur hefur breyst á fáum árum og börn og unglingar alast upp við ólíkari aðstæður en þau gerðu áður fyrr. Í dag er ekki lengur hægt að tala um hina „hefðbundnu“ fjölskyldu sem samanstendur af móður, föður og tveimur börnum. Margskonar fjölskyldugerðir finnast í nútímasamfélagi, sem dæmi nefnir Sigrún Júlíusdóttir (2001) svokallaða „ættleiðingarfjölskyldu“ en það eru tveir fullorðnir einstaklingar með ættleitt eitt eða fleiri börn sem eru ýmist íslensk eða af erlendum uppruna. Svo er talað um „stjúpfjölskyldu“ sem samanstendur af foreldrum sem hafa samband eða hjónaband að baki og í sumum tilfellum fylgja börn með inn í nýja sambúð. Síðan er svokölluð „samkynjafjölskylda“ sem eru tvær konur eða tveir karlar ýmist með eða án barna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 140). En margbreytileiki fjölskyldna kemur ekki einungis fram í stærð og gerð, heldur í venjum og gildum, í uppeldisaðferðum, tungumáli, trúarbrögðum, menningu og væntingum til barna meðal annars.

Niðurstöður rannsókna á þátttöku foreldra í skólastarfi (Epstein, 1990) benda til þess að foreldrar sem hafa framhalds- og háskólamenntun séu virkari þátttakendur í skólasamfélaginu heldur en foreldrar með litla grunnmenntun. Fagmenntaðir foreldrar ýta frekar undir ákveðna hegðun barna sinna og þróa með þeim tilhneigingar sem gagnast vel í skólaumhverfi. Stærð fjölskyldunnar hefur ekki áhrif á þátttöku foreldra og útivinnandi foreldrar eru ekki eins líklegir að taka þátt í

skólasamfélaginu en eru jafn mikill stuðningur heima fyrir og þeir sem eru heimavinnandi.

Eccles og Harold (1996) hafa tekið saman nokkur atriði sem þeir telja að hafi áhrif á þátttöku foreldra í skólastarfi. Í fyrsta lagi eru það félagslegar og sálfræðilegar þjargir foreldra. Þar á meðal er almenn heilsa þeirra, andleg og líkamleg og sá tími sem foreldrar hafa utan vinnu. Í öðru lagi þurfa foreldrar að hafa trú á að þeir hafi áhrif innan skólastarfsins og vitneskju um mikilvægi þátttöku. Í þriðja lagi er það skilningur foreldra á getu barnsins og möguleika til náms. Í fjórða lagi á hvaða forsendum foreldrar byggja grunnhugmyndir sínar um nám og kennslu og hversu mikilvægt þeir telja að foreldrasamstarf sé í sambandi við árangur barna sinna. Í fimmta lagi er það viðhorf foreldra gagnvart skólanum og hvað þeir halda að ætlast sé til af þeim. Í sjötta lagi er það þjóðernisímynd (e. *cultural identities*) foreldra en þá er átt við gildi, hefðir, trú, menningu og menningararfleið (e. *cultural heritage*) sem mótar viðhorf og væntingar þeirra til skólastarfsins. Í sjöunda lagi eru það uppeldisfræðileg viðhorf foreldranna, til dæmis hvernig foreldrar takast á við almenna félagsmótun og aga. Í áttunda lagi er það reynsla foreldra af þátttöku í skólasamfélagi, sem foreldri og nemandi (Eccles og Harold, 1996, bls. 7- 8).

3.2 Helstu áhrifaþættir á samstarf

Það er margt í umhverfi barns sem snertir það á einn eða annan hátt.

Vistfræðikenning (e. *ecological system theory*) Bronfenbrenners (1979) er gott dæmi um þau fjölmörgu atriði í samfélagi sem hafa áhrif á barn. Í fyrsta lagi er svokallað míkrokerfi (e. *microsystems*) sem samanstendur af nánasta umhverfi barns en það er meðal annars fjölskylda, vinir og skóli. Míkrokerfi geta verið nokkur, til dæmis er fjölskyldan eitt slíkt kerfi og vinir annað míkrokerfi. Í öðru lagi er mesókerfi (e. *mesosystems*) en það eru tengslin á milli míkrokerfanna, til dæmis tengslin á milli heimila og skóla. Í þriðja lagi er exókerfi (e. *exosystems*), það felst í tengslum við utanaðkomandi aðstæður sem beinast að foreldrum og óbeint til barns. Til dæmis er vinnustaður foreldra eitt slíkt kerfi. Í fjórða lagi er makrókerfi (e.

macrosystems) sem er samfélagið í heild sinni, menning, pólitík og tungumálið. Í fimmta og síðasta lagi talar Bronfenbrenner um krónókerfi (e. *chronosystems*) sem eru áhrif samtímans, hverjar aðstæður eru hverju sinni í fjölskyldu og samfélagi í heild (Bronfenbrenner, 1979). Með öðrum orðum „það þarf heilt þorp til að ala upp barn“, eins og segir í afrísku máltæki.

Eccles og Harold (1996) fjalla um áhrif umhverfis á samstarf heimila og skóla og benda meðal annars á fyrirmyndir í umhverfinu, viðmið, norm, tækifæri og hvaða hættur leynast, til dæmis hvort afbrotatíðni sé há. Aldur barns, kyn, þjóðerni, hegðun, hæfileikar, áhugi og skapgerð eru einnig áhrifavaldar að þeirra mati. Foreldrar virðast hafa tilhneigingu til að minnka þátttöku í skólastarfi því eldri sem börnin verða, en þátttaka þeirra er ekki síður mikilvæg á mið- og elsta stigi (Eccles og Harold, 1996). Epstein (1990) er á sama máli og bendir á að kennarar á yngsta stigi leggi sig yfirleitt meira fram til að fá foreldra til þátttöku heldur en kennarar á mið- og elsta stigi. Eccles og Harold (1996) benda jafnframt á að árangur barns hefur um það að segja hversu virkir foreldrar eru. Sem dæmi má nefna eru foreldrar líklegari til að hjálpa barni sínu sem á við vandamál að stríða heldur en barni sem sýnir æskilega hegðun. Foreldrar þeirra barna sem sýna fram á afburðarárangur í námi eru líklegari til að vera í foreldraráði og með í ákvörðunartökum heldur en foreldrar barna sem sýna slakan námsárangur.

Aldur, kyn, þjóðerni, félagsleg staða og fyrri reynsla kennara nefna Eccles og Harold (1996) sem áhrifaþætti í samstarfi á milli heimila og skóla. Þekking á aðstæðum foreldra, getu og hæfileika nemanda og á hvern hátt kennari hefur myndað tengsl við nemanda og fjölskyldu hefur auk þess áhrif á samstarfið. Stefna skóla, stærð, fjárhagsleg staða og þjónusta við foreldra spilar stórt hlutverk þegar kemur að þátttöku foreldra í skólastarfi. Þegar foreldrar finna fyrir því að skólinn geri ráð fyrir þátttöku þeirra eru þeir líklegri til að vera virkari þátttakendur samkvæmt Eccles og Harold. Umhverfi og skipulag skólans er mikilvægt þegar kemur að móttöku foreldra og í því sambandi er ríkjandi viðhorf og

hugmyndir kennara og starfsfólks afgerandi. Viðhorf og hugmyndir kennara og starfsfólks hafa annað hvort hvetjandi áhrif á þátttöku foreldra eða letjandi. Meðal þeirra er ákveðinn hópur sem lítur á foreldra sem ákveðið vandamál og óskar því ekki eftir þátttöku þeirra. Enn aðrir telja foreldra of upptekna til þátttöku, hafi lítinn áhuga eða viti ekki hvað felst í skólastarfi. Slík viðhorf virðast oft vera ríkjandi í skólum þar sem meirihluti foreldra telst til jaðarhópa samfélagsins (Eccles og Harold, 1996).

3.2.1 Frumkvæði frá skóla

Hanna Ragnarsdóttir (2004b, 2007a) gerði rannsókn á reynslu nítján barna af erlendum uppruna. Í hópnum voru leikskólabörn og grunnskólabörn. Hjá grunnskólabörnunum var kannað hvernig reynsla þeirra af ólíku skólakerfi og heimamenningu hafði áhrif á aðlögun þeirra að íslensku skólakerfi. Í rannsókninni var meðal annars kannað hver hugmyndafræði, stefna og skólamenning er og hvaða viðhorf gilda í skólunum. Auk þess var skoðað hvernig móttöku barnanna var háttáð og aðlögun þeirra að skólastarfinu. Hvaða kröfur og væntingar voru gerðar, hvernig kennsla fór fram og hvaða kennsluaðferðum var beitt. Niðurstöðurnar varpa meðal annars ljósi á viðhorf foreldra og væntingar til náms og skólastarfs á Íslandi. Á heildina litið voru foreldrar ánægðir með skólastarfið en nokkrir árekstrar komu upp sem snerta menningar- eða trúarleg gildi og viðhorf. Foreldrarnir virtust ekki hafa frumkvæði að því að afla sér upplýsinga frá skólanum heldur biðu eftir því að vera boðaðir á foreldrafundi eða í viðtöl (Hanna Ragnarsdóttir, 2004b, 2007a).

Staða foreldra í samfélaginu, eins og félags- og efnahagsleg, getur haft áhrif á þátttöku þeirra í skólastarfi. Foreldrar geta upplifað sig sem áhrifalaus innan skólasamfélagsins ef þeir eru með lága stöðu í samfélaginu (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000). Óöryggi af þessum toga gerir það að verkum að foreldrar leggja traust sitt á fagmanninn, sem í þessu tilviki er kennari, en það gæti túlkast sem óframfærni og virst sem þeir kjósi að vera lítið virkir innan skólasamfélagsins (C. A. M. Banks,

2005). Epstein (1990) talar um að það sé algengur misskilningur að halda það að foreldrar vilji ekki taka þátt í skólastarfi. Gera þarf ráð fyrir foreldrum og láta þá vita að óskað sé eftir þátttöku þeirra.

Til að gott samstarf eigi sér stað þarf skólastarf, að mati Wrigley (2000) að snúast um að efla sérhvern nemanda, starfsmann og foreldri og þá er það kennarans að sýna frumkvæði í verki. Macdonald (2006) bendir á að nýjar stefnur í menntamálum og menntarannsóknir leiði ekki sjálfkrafa til þess að breytingar eigi sér stað í skólastarfi. Hún bendir jafnframt á að rannsóknir hafi sýnt fram á að kennarar taki ekki svo glatt upp nýja kennsluhætti ef þeir eru ekki í samræmi við reynslu þeirra og trú á hvað reynist vel. Eisner (1995) er á sömu skoðun og segir að fátt annað sé mikilvægara en skólamenning, starfsandi, áhugahvöt kennara, reynsla og sú þekking eða innsæi sem býr innra með honum. Í því samhengi talar hann um dulda þekkingu/kunnáttu (e. *tacit knowledge*) sem kennarar grípa oft til í starfi sínu, án þess að gera sér grein fyrir því (Eisner, 1995).

3.2.2 Hugmyndir um uppeldi og menntun

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2006) bera foreldrar og forráðamenn meginábyrgð á uppeldi barna sinna og litið er á menntun og velferð barna sem samstarfsverkefni heimila og skóla. Nanna Kristín Christiansen fjallar í grein sinni *Hver á eiginlega að ala upp börnin, foreldrar eða kennarar?* (2007) um að ein meginhindrun í foreldrasamstarfi sé sú að kennarar eru oft ósáttir við þær auknu kröfur sem gerðar eru til þeirra og þá uppeldislegu ábyrgð sem er í þeirra höndum. Þeir eru einkum ósáttir þegar hugmyndir þeirra og foreldra um uppeldi fara ekki saman. Sigrún Júlíusdóttir (2001) talar um að vegna skorts á samræmingu og samstarfi kennara og foreldra virðist óljósara hver á að sinna uppeldi barna og hver á að kenna þeim mannasiði og umgengnishætti meðal annars.

Brooker (2002) kannar í rannsókn sinni stöðu barna í upphafi skólagöngu í enskum grunnskóla. Börnin sem tóku þátt í rannsókninni eru ensk börn í lágstétt og börn frá Bangladesh. Hún kannar meðal annars viðhorf foreldra til uppeldis og skólagöngu. Í niðurstöðum

rannsóknarinnar kemur fram að afstaða barna til náms litist af reynslu og væntingum foreldra. Börnin frá Bangladesh njóta góðs af mikilli áherslu fjölskyldnanna á nám en það eru ákveðnir þættir í undirbúningi barnanna fyrir skólagöngu sem fara ekki vel saman við uppeldisfræðilega orðræðu skólans. Brooker bendir til dæmis á ólíkar hugmyndir foreldra um leik, þar sem foreldrar frá Bangladesh viðurkenna ekki leikinn sem námsleið en aftur á móti gera enskir foreldrar það. Börnin frá Bangladesh eiga að eyða tíma í að fylgjast með og læra af foreldrum sínum sem vænta þess að þau viti um þá skyldu sína að leggja hart að sér og læra. Enskir foreldrar viðurkenna uppeldisgildi leiksins og veita börnum sínum aðgang að honum. Brooker minnst jafnframt á að foreldrar erlendra barna, eða aðfluttir foreldrar, þurfi að læra að vera foreldrar í nýju umhverfi og hlutverk foreldra gagnvart skóla virðist vera menningarlega mótað. Reynslan af undirbúningsbekk var ekki jákvæð fyrir öll börnin þar sem skólamenningin, og uppeldisleg orðræða skólastofunnar hafi leitt til aðgreiningar og lagskiptingar. Viðmið og ríkjandi hugmyndir skólans byggjast fyrst og fremst á og eru miðuð við enska millistéttarmenningu og að nokkru leyti í andstöðu við heimamenningu barnanna (Brooker, 2002; Hanna Ragnarsdóttir, 2004a).

3.2.3 *Væntingar og gildi*

Gildi finnast í allri menningu, samfélagi, fjölskyldu og hjá sérhverjum einstaklingi. Þau flytjast á milli kynslóða og breytast með tímanum. Finna má persónuleg gildi, menningarbundin og trúarleg og hafa þau áhrif á hugsun, ákvörðun og atferli einstaklings (Segall o.fl., 1991/1999).

Samkvæmt Hönnu Ragnarsdóttur (2004b) þarf að kanna nánar hver gildi fjölskyldu eru og hvernig hún skapar sér menningu í nýju landi til að auka skilning og þekkingu á viðhorfum hennar.

Valdés gaf út bók árið 1996 í tengslum við etnógrafíska¹ rannsókn hennar á högum tíu fjölskyldna í Bandaríkjunum af

¹ Etnógrafísk rannsókn heyrir undir eiginlegar rannsóknarhefðir. Þar er áhersla lögð á að setja sig inn í hugarheim og umhverfi þeirra sem skoðaðir eru og leitast er við að skilja upplifun þeirra á veruleikanum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

mexíkönskum uppruna, þar sem foreldrarnir eru af fyrstu kynslóð innflytjenda. Mæðurnar í rannsókn Valdés gerðu sér grein fyrir hlutverki sínu og markmiðum. Þær lögðu ekki áherslu á fjárhagslegt sjálfstæði og litu ekki á að þær hefðu meira að gera en eiginmenn þeirra, þó þær ynnu tvöfalt meira en þeir. Þeirra hlutverk var að hjálpa eiginmönnum sínum til þess að ná þeirra sameiginlega markmiði, að fæða og klæða fjölskylduna og að hjálpa börnum sínum að vaxa úr grasi sem ábyrgðarfullir einstaklingar. Hamingja þeirra fólst í athöfnum daglegs lífs, eins og að eyða tíma með fjölskyldunni og gleðjast saman. Hver stund í nýju landi var krefjandi, að finna húsnæði, atvinnu og tungumálið var ólíkt því sem þau voru vön. Allt var þeim framandi, umhverfið og samfélagið setti þeim nýjar reglur og það sem var einfalt áður fyrr var þeim nú þrautin þyngri. Hver fjölskylda lenti sífellt í nýjum aðstæðum sem þau áttu ekki von á en þau voru ákveðin í að gefast ekki upp eða flytja til heimalandsins. Að vera innflytjandi krefst ákveðinnar færni í einföldustu athöfnum lífsins, sem flesta órar ekki fyrir að þurfa að læra. Fjölskyldurnar áttuðu sig á því að hugmyndir þeirra um hvernig hlutirnir virkuðu í Bandaríkjunum voru oftast rangar og það sem þær höfðu tekið sem sjálfsögðum hlut í sínu heimalandi var ekki sjálfsagt lengur (Valdés, 1996).

Í rannsókn Valdés (1996) kom fram að erlendu foreldrarnir treystu kennurunum ekki svo auðveldlega og sumir héldu að ekki væri hugsað nógu vel um börnin. Foreldrarnir höfðu ákveðnar skoðanir um hlutverk skóla sem eru mótaðar af samfélagi þeirra og menningu. Willis (1981) talar um í bók sinni: *Learning to labor: How working class kids get working class jobs* að foreldrarnir eru stærstu áhrifavaldar í lífi barna sinna. Gildi foreldranna veга þá þyngra en gildi skólans eða samfélagsins og það hefur væntanlega áhrif á börnin. Í grein Reese: *Morality and identity in Mexican immigrant parents' vision of the future* (2001) talar hún um að orðatiltækið „when in Rome, do as the Romans do“ eigi ekki rétt á sér í augum sumra því fólk er ekki alltaf sammála gildum og hefðum samfélagsins sem það býr í. Í því sambandi fjallar hún um að sumir viðmælendur hennar líta á Bandaríkin sem stjórnlaust samfélag þar sem

unglingar leika lausum hala, neyta eiturfjafa og eru meðlimir glæpagengja (Reese, 2001).

Börn læra mikilvæg atriði í eigin menningu frá unga aldri. Þau læra um æskilega hegðun, til dæmis kurteisni, hvað má og hvað má ekki og hvernig komið er fram við fullorðna. Jafnframt kynnast þau ríkjandi tjáningarformi, um augnsamband, líkamstjáningu og svo framvegis sem eru mikilvæg atriði í menningu hvers og eins (Siraj-Blatchford og Clarke; 2000). Hver menning hefur ákveðið tjáningaform og reglur í samskiptum sem er flestum ómeðvitað og er það menningarbundið á hvern hátt samskiptin fara fram. Uppbygging orða, setningaskipan og merkingarfræði, áherslur, hrynjandi og líkamstjáning er dæmi um það sem er ólíkt eftir menningu. Í því sambandi gæti skólasamfélagið hvatt til ákveðins forms samskipta sem talið er viðeigandi og jafnvel réttast og þar af leiðandi stuðlað að því að nemendur af erlendum uppruna finni sig ekki í því (Noel, 2000).

Í niðurstöðum rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttur (2007a) kom í ljós að ekki hefur verið um stórvægilega árekstra að ræða í samspili heimameningar erlendu barnanna og skólameningar á Íslandi. Þeir árekstrar sem hafa komið upp má hugsanlega rekja til eftirfarandi þátta: Skortur á þekkingu eða skilningi meðal kennara á lífsviðhorfum og aðstæðum foreldra, eða að foreldra skorti skilning á kröfum og viðmiðum skólanna (Hanna Ragnarsdóttir, 2004b, 2007a).

Enginn mælikvarði er tiltækur til að úrskurða að sumar félagslegar reglur séu betri en aðrar. Siðareglur samfélags ákveða hvað er rétt innan þess samfélags (Rachels, 1997). Sá sem stendur utan samfélagsins getur því átt í erfiðleikum með að vita hvaða óskráðu reglur gilda innan þess. Það getur verið ákveðin hindrun fyrir einstakling í aðlögun að nýju samfélagi.

3.3 Helstu hindranir

Menning er mikilvæg í fjölmeningarsamfélagi og það ber að virða fjölbreytileikann sem endurspeglast í hinum ólíku menningarheimum. Ef

menning kennarans á að verða hluti af meðvitund nemandans þá þarf menning nemandans fyrst að vera í meðvitund kennarans (Nieto, 1999; Rannveig Þórisdóttir o.fl., 1997; Siraj-Blatchford, 1994). Í skólasamfélögum ríkir ákveðin menning sem stuðlar að ákveðinni hegðun sem er ásættanleg í hverju samfélagi. Til þess að átta sig á hegðun hvers og eins er best að skoða stöðu hans út frá menningarlegu og félagslegu sjónarmiði (Segall o.fl., 1991/1999).

Sigrún Júlíusdóttir (2001) talar um að viðurkenning á fjölbreytileikanum í verki feli í sér nýsköpun eða áskorun sem ögrar hefðbundnum hugmyndum og tryggð við það sem fyrir er. Einnig reynir það á fólk, ekki síst fagfólk sem vinnur út frá sérfræðipekkingu, faglegri siðfræði og samfélagslegri ábyrgð. Sigrún minnst einnig á að þversagna gæti í gildum nútímans: „Í sömu andrá og fjölbreytileikinn er vegsamaður skortir umburðarlyndi gagnvart menningarlegum margbreytileika. Þeir sem eru „öðruvísi“ verða auðveldlega fyrir aðkasti, bæði einstaklingar og hópar“ (bls. 231). Sumir hafa þörf fyrir að afmarka sig og sitt og í því sambandi tala um „okkur“ og „hina“. Þessi afmörkun gæti birst í formi eineltis sem er þá í raun vörn gegn þeim kvíða að verða sjálfur útilokaður eða útskúfaður (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Samkvæmt íslenskri orðabók er fordómur (e. *prejudgement*) hleypidómur eða ógrundaður dómur (Árni Böðvarsson, 1997, bls. 231). Fordómur er þegar einhver staðhæfing er tekin sem sjálfgefinn sannleikur án þess að skoða merkinguna að baki hennar. Staðalmynd er oftast uppspretta fordóma og er meðvitað búin til í þeim tilgangi að fólk festi hana í minni og haldi í hana sjálfkrafa. Misskilningur er einnig algeng uppspretta fordóma og staðalmynda ef hann er ekki leiðréttur. Með auknu flæði upplýsinga birtast neikvæðar jafnt sem jákvæðar staðalmyndir og erfitt er að fylgjast með hvaðan þær koma. Í þessu sambandi verður einstaklingur að meta hvort þær upplýsingar sem hann fær séu trúverðugar eða ekki (Toma, 2007).

Í rannsókn sem Gallup gerði árið 2000 um viðhorf innflytjenda á Íslandi kom fram að tæplega helmingur þátttakenda hafði orðið fyrir

neikvæðum athugasemdum vegna uppruna þeirra. Um helmingur þeirra hafði upplifað að talað væri niður til þeirra og tæplega þriðjungur hafði stundum eða oft upplifað að fá ekki þá þjónustu sem skyldi vegna upprunans. Afskiptaleysi er sá þáttur sem flestir höfðu orðið varir við, eða alls 65% (Íslenskar markaðsrannsóknir hf., 2000). Í rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur, Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur, Álfgeirs Loga Kristjánssonar og Jóns Sigfússonar (2004) kemur fram að viðhorf grunn- og framhaldsskólanema gagnvart innflytjendum hefur versnað á árunum 1997-2004. Í nýlegri könnun á kynþáttahyggju og viðhorfi til innflytjenda á Íslandi kemur fram að afstaða til þeirra hefur orðið neikvæðari á síðustu árum og á sama tíma hefur innflytjendum fjölgað á Íslandi. Í könnuninni kemur jafnframt fram að munur sé á viðhorfum háskólamenntaðra Íslendinga og þeirra sem hafa grunn- og framhaldsskólamenntun. Þeir sem hafa háskólamenntun eru almennt jákvæðari í garð innflytjenda (Eva Heiða Önnudóttir og Njörður Sigurjónsson, 2008). Það bendir til þess að aukin fræðsla stuðli að umburðarlyndi og skilningi á ólíkum menningarheimum og komi í veg fyrir fordóma. Í skýrslu frá Rauða krossi Íslands (2007) er lögð áhersla á að auka slíka fræðslu í skólum og á meðal almennings.

Samkvæmt Portes og Rumbaut (2001) spilar kynþáttur lykilhlutverk í viðurkenningu inn í samfélagi og vegur það þyngra en félagsstaða, bakgrunnur, trú eða tungumál. Þeir fullyrða að sé hörundslitur innflytjenda dökkur hafi þeir ekki greiðan aðgang inn í miðstéttar menningu hvíttra og eru síður metnir af verðleikum, þrátt fyrir menntun, störf og kunnáttu í tungumáli meirihlutans (Portes og Rumbaut, 2001). Kynþáttur skiptir að nokkru leyti máli fyrir Íslendinga samkvæmt könnun Evu Heiðu Önnudóttur og Njarðar Sigurjónssonar (2008). Um 40% þátttakenda í könnuninni telja að leyfa eigi mörgum sem eru af sama kynþætti og sá íslenski eða svipuðum menningarlegum uppruna að flytjast til Íslands. En um fjórðungur telur að leyfa eigi mörgum að flytjast til Íslands sem eru af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna eða frá fátækari löndum utan Evrópu.

Hægt er að taka undir orð Guðrúnar Pétursdóttir (1999) þegar hún talar um að kennarar spili áhrifamesta hlutverkið inni í fjölbreyttri kennslustofu. Í því samhengi bendir hún á mikilvægi þess að skoða á hvaða grundvelli kennarar mynda skoðun sína á heimamenningu nemenda þar sem flestir meta menningu út frá eigin sjónarmiði, viðmiðum og gildum, það sem telst eðlilegt á eigin mælikvarða. Viðhorf og væntingar sem kennari hefur til nemenda og foreldra hefur áhrif á hvernig samstarfið og samskiptin verða (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Siraj-Blatchford (1994) bendir á að foreldrar verða einnig fyrir áhrifum staðalmynda og því mikilvægt að uppfræða þá um að eigin skoðanir og viðhorf hafa áhrif. Foreldrar gætu haft neikvæða mynd af öðrum foreldrum, til dæmis á innflytjendum, samkynhneigðum og foreldrum með ólíkar trúarskoðanir. Samkvæmt C. A. M. Banks (2005) hefur kennari tilhneigingu til að líta á nemanda sem fulltrúa heimamennningar hans. Ef kennara líkar ekki við nemanda eru miklar líkur á að það gildi einnig um foreldra hans.

3.4 Samantekt

Hér á landi hefur nemendahópurinn verið frekar einsleitur til fjölda ára og er reyndar enn víða í skólum um land allt, það má því segja að nýtt verkefni hafi komið inn á borð kennara. Þekki kennari bakgrunnsupplýsingar nemanda síns getur hann betur áttað sig á hvað liggur til grundvallar hegðun, framkomu og ákvörðun hans og foreldra hans.

Það eru margir þættir sem hafa áhrif á þátttöku foreldra í skólastarfi. Sem dæmi er það andleg og líkamleg heilsa, trú á eigin áhrif, skilningur á getu og möguleikum barns, á hvaða forsendum hugmyndir um uppeldi og nám eru byggðar, viðhorf til skóla og fyrri reynsla af þátttöku í skólastarfi. Við þetta má bæta við það álag sem fylgir búferlaflutningum milli landa.

Áhrifaþættir á samstarf heimila og skóla eru margir og í raun mætti segja að allt hafi áhrif. Umhverfi og skipulag skólans er mikilvægt þegar kemur að móttöku foreldra og í því sambandi eru ríkjandi viðhorf

og hugmyndir starfsfólks afgerandi. Viðhorf til þátttöku foreldra í skólastarfi eru ólík meðal starfsfólks og hefur það oft á tíðum áhrif á hvort foreldrar taki þátt í því og að hve miklu leyti. Finna má starfsfólk sem vilja ekki að foreldrar komi að skólastarfi og liggja ólík viðhorf og skoðanir þar að baki. Þessi viðhorf virðast ríkjandi í skólum þar sem meirihluti foreldra teljast til svokallaðs jaðarhóps. Með auknum samskiptum milli heimila og skóla myndast skilningur beggja aðila á þeim væntingum og gildum sem fyrir eru og kemur það í veg fyrir rangtúlkun og misskilning.

Í nýlegri könnun á kynþáttahyggju og viðhorfi til innflytjenda á Íslandi kemur fram að afstaða til innflytjenda er orðin neikvæðari á síðustu árum. Þess vegna er mikilvægt fyrir allt starfsfólk skóla að skoða á hvaða grundvelli þeir mynda skoðun sína á aðstæðum nemenda. Ekki síður þar sem nemendur eru af erlendum uppruna, en ólík viðhorf og væntingar foreldra annars vegar og skóla hins vegar geta stangast á og hindrað að árangursríkt samstarf eigi sér stað. Barnanna vegna ber að gæta þess að ágreiningur verði ekki vegna ólíkra hugmynda um uppeldi. Foreldrar og kennarar ættu því að huga að samstarfsverkefni sínu og sameina krafta sína.

4. Að brúa bilið

4.1 Árangursríkt samstarf

Samstarf felur í sér samband sem byggist á sameiginlegum markmiðum, virðingu og samskiptum á jafnréttisgrundvelli (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000). Eccels og Harold (1996) benda á að samstarf heimila og skóla hefur áhrif á mótun sjálfsmýndar og gildi nemanda auk þess að áhugi og metnaður eflist. Samstarfið hefur einnig áhrif á framkomu nemanda og getu hans til að taka árangursmiðaðar ákvarðanir. Epstein (1990) tekur undir þetta og bendir á að samstarf heimila og skóla hefur ekki síður jákvæð áhrif á foreldra.

Nemendur, foreldrar og kennarar njóta allir góðs af foreldrasamstarfi. Foreldrar kynnst betur skóla barnsins, gildi hans og stefnu með þátttöku í skólasterfinu. Auk þess kynnst þeir starfsfólki skólans betur og eyða meiri tíma með börnum sínum og þetta á við um alla nemendur óháð uppruna. Til að gott samstarf verði að veruleika ættu kennarar að vera virkir í samskiptum við foreldra og hefja samstarfið með jákvæðu viðhorfi (C. A. M. Banks, 2005; Haynes og Ben-Avie, 1996). Þar sem velferð nemenda er samstarfsverkefni heimila og skóla (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006) má því segja að árangur nemenda sé ein helsta vísbending um að árangursríkt samstarf eigi sér stað.

Wrigley (2000) bendir á að það sem einkennir árangursríka skóla er mikil og markviss samvinna kennara, stjórnenda og nemenda, virk þátttaka nemenda í þróun skólasterfs, áhersla á gagnkvæma virðingu í samskiptum og að hugmyndir foreldra eða annarra í samfélaginu séu nýttar. Hann gerði tilviksrannsókn² í tíu grunnskólum á Bretlandseyjum þar sem börn í jaðarhópum í samfélaginu hafa náð góðum árangri. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar dregur Wrigley saman fimm atriði sem einkenna skólana og þar af leiðandi þau atriði sem leiða til góðs árangurs.

² Tilviksrannsókn (e. *case study*) heyrir undir eiginlegar rannsóknarhefðir. Áhersla í tilviksrannsóknnum er að skoða stök eða mjög fá tilfelli hverju sinni og átta sig á eðli þeirra og tengslum milli breyta (Rúnar Helgi Andrason, 2003).

Þau eru eftirfarandi: 1. Sameiginleg heildarsýn skólasamfélagsins þarf að liggja til grundvallar skólaþróun. 2. Námskrá þarf að vera sveigjanleg og löguð að þörfum nemenda. 3. Vandað og sveigjanlegt nám og kennsla er það afl sem fyrst og fremst stuðlar að árangri nemenda af erlendum uppruna. 4. Hvatning og umbun skilar eingöngu árangri ef nemandinn trúir á gildi náms og ef menning skólans viðurkennir árangur allra. 5. Skólamenning og skólabragur þarf að snúast um meira en aga og atorku; skólamenning þarf að snúast um skólann sem samfélag, innbyrðis tengsl í skólanum, tengsl skólans út á við og sameiginleg gildi (Wrigley, 2000, bls. viii-ix). Jafnframt komst Wrigley (2000) að þeirri niðurstöðu að skólaþróun þurfi að eiga sér stað með faglegri og félagslegri samstöðu þannig að kennarar þurfi að vera framsæknir og skapandi og leita leiða til að mæta þörfum nemenda hverju sinni.

4.2 Leiðir að árangursríku samstarfi

Foreldrar og aðrir fjölskyldumeðlimir eru fyrstu kennarar barnsins og hafa tekið þátt í að móta grundvallarþekkingu þess. Börn koma með þekkingu, reynslu, gildi og trú sem þau hafa fyrst lært frá foreldrum, fjölskyldu og samfélagi (J. A. Banks, 2005). Sumir foreldrar hafa slæma reynslu af eigin skólagöngu og gætu því átt erfitt með að treysta skóla barna sinna eða líta jafnvel ekki á sig sem mikilvægan aðila í námi þeirra. Sú sýn er algeng meðal kennara og starfsfólks að foreldrar af erlendum uppruna séu fátækir, hafa lítinn eða engan áhuga á námi barna sinna, séu ekki mikilvægir í skólasamfélagi og þar af leiðandi skiptir samstarf við þá engu máli (C. A. M. Banks, 2005; Epstein, 1990; Miranda, 1993; Siraj-Blatchford, 1994).

Þegar kennarar og foreldrar eiga samskipti verður að gæta þess að misskilningur eða mistúlkun eigi sér ekki stað. Gerist það er hætta á að annar hvor aðilinn noti eigin skilgreiningar á hvað sé réttast þar sem væntingar til barna geta stangast á í skóla annars vegar og á heimili hins vegar. Kennarar þurfa því að vera meðvitaðir um hugsanleg átök og

mikilvægt er að líta ekki á heimili og skóla sem andstæða heima (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000).

4.2.1 Virk samskipti milli heimila og skóla

Opið tvíhliða samskiptaferli milli heimila og skóla er mikilvægt fyrir þátttöku foreldra í skólastarfi. Upplýsingaflæði til foreldra þarf að vera gott svo og aðgengi að kennsluáætlunum og stefnu skóla, til dæmis um agamál og forvarnir (C. A. M. Banks, 2005). Í þessu samhengi bendir Wrigley á að þegar upplýsingar sem þessar eru sýnilegar fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki, til dæmis á heimasíðu skólans, eykur það samhug þeirra, metnað og vilja til að vinna í sameiningu að markmiðum og framtíðarsýn skólans (Wrigley, 2003). Upplýsingaflæðið þarf ekki að vera flókið og ekki þurfa samskiptin að vera löng, því gæti símtal verið ein af leiðunum til að hafa samband við foreldra. C. A. M. Banks segir að símtal geti verið leið til að brjóta ísinn fyrir þá sem finnst óþægilegt að tjá sig. Kennari getur ráðfært sig við foreldra barna sem sýna slakan námsárangur og bent foreldrum á leiðir sem falla utan skólans, til að efla nemanda. Með símtali getur kennari orðið fróðari um þá heimamenningu sem ríkir hjá hverjum nemanda sem er nauðsynlegt að kennari þekki í fjölmenningsamfélagi (C. A. M. Banks, 2005).

Þegar foreldrum er gerð grein fyrir á hvern hátt þeir geta aðstoðað barnið við nám og í skólastarfinu aukast líkur á að foreldrarnir verði þátttakendur. Foreldrafundir er nauðsynlegir í skólastarfi og ættu þeir að vera lágmark tveir á ári að mati C. A. M. Banks. Kennari þarf að búa sig vel undir slíka fundi og gæta þess að skilaboðin berist öllum foreldrum og að þeir skilji það sem fer fram. Mikilvægt er fyrir kennara að vita um viðhorf foreldra og væntingar þeirra til menntunar barna sinna og á hvern hátt börn eru studd heima fyrir (C. A. M. Banks, 2005). Epstein o.fl. (2002) eru á sömu skoðun og benda á að huga þurfi að fjölbreyttum leiðum til þess að virkja alla foreldra til þátttöku á foreldrafundum og öðrum atburðum. Einnig er mælt með að kennarar

heimsæki heimili nemenda einstaka sinnum (C. A. M. Banks, 2005; Epstein, o.fl., 2002).

4.2.2 Samhugur og samstaða í skólasamfélagi

Eitt af því sem virðist hafa áhrif á hvort breytingar náí fram að ganga í skólastarfi er skólamenning. Hugtakið skólamenning er oft skilgreind sem samansafn af þeim væntingum, skoðunum og markmiðum sem ríkja innan skólans. Það sem einkennir skólamenningu er meðal annars áhugi og vilji starfsmanna til þess að vinna saman í anda þeirra gilda og markmiða sem skólasamfélag hefur sett sér (Steinunn Helga Lárusdóttir, 2002).

Til þess að efla samhug og samstöðu innan skólasamfélagsins þurfa að vera virk, opin og jákvæð samskipti milli allra aðila. Í því sambandi fjallar C. A. M. Banks (2005) um nokkur ráð til að koma á góðri tengslamyndun innan kennslustofunnar sem kennari getur haft í huga. Foreldrum þarf að finnast þeir velkomnir í skólann og líka á meðan kennsla stendur yfir. Það gæti verið góð hugmynd að hanna foreldraherbergi líkt og biðstofa meðan beðið er eftir nemendum eða viðtali við kennara eða skólastjóra. Foreldrar ættu einnig að eiga þess kost að nota slíkt rými til að hittast og skiptast á skoðunum (C. A. M. Banks, 2005). Wrigley (2000) telur að foreldrar geti myndað tengsl hverjir við aðra sé aðstaða fyrir hendi til að hittast í skólanum og því gæti foreldraherbergi verið góður kostur. Að hittast fyrir utan skólabygginguna vilja C. A. M. Banks (2005) og Wrigley (2000) meina að sé önnur góð leið til tengslamyndunnar. Þar gefast fleiri tækifæri til að ræða óformlega um skólastarfið heldur en inni í byggingunni. Wrigley (2000) bætir við að skólalóðin sé sá vettvangur þar sem foreldrar hittast oftast.

Foreldrar fá sjaldan að heyra þegar vel gengur hjá barninu fyrir utan hin hefðbundnu foreldraviðtöl. Breyta þarf þeirri þróun og því ætti kennari að vera meðvitaður um að láta foreldra vita þegar vel gengur hjá nemanda hvort sem það snýr að hegðun eða námi. Þetta er enn ein leiðin sem C. A. M. Banks (2005) fjallar um til að stuðla að betra samstarfi milli heimila og skóla. Hægt er að auðvelda aðgengi að öðrum foreldrum og

auka samskiptin með því að dreifa símaskrá, stofna net-póstlista og búa til sameiginlega heimasíðu bekkjarins, sem dæmi. Gestrisni og ánægja með komu foreldra og gesta ætti að ríkjá í hverjum skóla þannig að umhverfið verði notalegt og þeir sem þangað koma vilji koma aftur. Það á ekki bara við um starfsmenn skólans heldur ættu nemendur að taka fullan þátt í móttöku gesta (C. A. M. Banks, 2005).

Fjölskylda sem flytur til annars lands tekst daglega á við áskoranir og því fylgir álag á alla meðlimi fjölskyldunnar. Álagið sem fjölskyldan gæti þurft að glíma við getur haft áhrif á samstarf heimila og skóla. Þess vegna er mikilvægt, að mati Siraj-Blatchford og Clarke, að starfsmenn skóla séu meðvitaðir um það. Til að foreldrum finnist þeir velkomnir í skólann er mikilvægt að þeir finni fyrir stuðningi, trausti og vináttu í þeirra garð. Auk þess þarf að veita foreldrum tækifæri til þess að taka þátt í mótun skólustarfsins og gera þau á þann hátt samábyrg í ákvarðanatöku um málefni er varðar skólann (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000). Sama sinnis er Wrigley (2000) og leggur hann áherslu á þátttöku foreldra í þróun skólustarfs, í ákvarðanatökum og við gerð námskráa.

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 skal í hverjum skóla vera starfrækt skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólustarfið meðal annars. Það eiga að vera níu einstaklingar í ráðinu, tveir fulltrúar kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar foreldra og skólastjóri sem stýrir og ber ábyrgð á starfi skólaráðs og stofnun þess. Skólaráð á svo að velja einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða einn viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Fundir eiga að vera lágmark einu sinni á ári (Lög um grunnskóla, 91/2008, 8. grein). Ef lögunum er framfylgt gæti skapast góður vettvangur til samstarfs í skólasamfélagi þar sem samábyrgð og samhugur ríkir. Jafnframt þyrfti að stuðla að samstarfi milli allra aðila ekki einungis þeirra sem sitja í ráðinu.

4.2.3 Hlutverk skólastjórnenda og leiðtoga

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er hlutverk stjórnenda að sjá til þess að foreldraráð, kennararáð og nemendaráð vinni sem best saman og að gagnkvæmur skilningur, virðing og trúnaður ríki milli þeirra (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006). Í lögum um grunnskóla (91/2008) kemur fram að skólastjóri eigi að stuðla að samstarfi allra aðila skólasamfélags. Skólastjóri er auk þess ábyrgur fyrir stofnun foreldrafélags og hefur frumkvæði að mótun skólanámskrár meðal annars (7., 9. og 12. grein).

Stuðningur frá stjórnendum er eitt grundvallaratriði fyrir öflugri samstöðu og samhug innan skólasamfélags, að mati Hafdísar Guðjónsdóttur (2003). Hún gerði eigindlega rannsókn þar sem markmiðið var meðal annars að reyna að skilja og læra af kennurum sem kenna mikið blönduðum nemendahópum. Kennararnir voru sex talsins og höfðu tíu til þrjátíu ára starfsreynslu. Hafdís dregur meginniðurstöður saman í grein sinni *Viðbragðsnyllir kennarar* og talar um sex atriði sem leiða til árangursríkrar kennslu. Í fyrsta lagi störfuðu kennararnir í virku skólaumhverfi þar sem þeir gátu treyst á stuðning við þróunarstarf frá skólastjórn. Þeim var skapað svigrúm til að vinna að framsæknum verkefnum og töldu starfsfólk skólans vera nýjungagjarnt og framsækið. Starfsumhverfið var opið fyrir gagnrýnum umræðum um skólamál og skólinn var tilbúinn að ryðja úr vegi hindrunum sem urðu á vegi þeirra. Kennarar nýttu einnig áhugasama foreldra og samfélagið í heild sinni. Í öðru lagi var kennurum skapað svigrúm fyrir samvinnu og umræður um kennslufræðileg málefni, þeir töldu sig ekki geta náð góðum árangri einir og þess vegna var mikil áhersla lögð á samstarf. Með samstarfinu var tækifæri til gagnrýnnar ígrundunar og faglegrar þróunar í traustum hópi. Í þriðja lagi átti sér stað sköpun nýrrar þekkingar sem varð í gegnum samræður við samstarfsfólkið. Kennararnir skildu mikilvægi þess að gera „ósýnilega“ vinnu þeirra sýnilega og að gildi, viðhorf, færni, þekking og reynslan væri nýtt til þess að leysa hin ýmsu vandamál sem komu upp í skólanum. Þeir höfðu metnað til þess að fylgjast stöðugt með, skoða,

greina og nýta sér góðar hugmyndir og deildu reynslu sinni um hvernig börn læra, þróuðu hugmyndir, löguðu og breyttu hugmyndum annarra. Í fjórða lagi notuðu kennarar öll tækifæri til að bæta við fagþekkingu sína og lærðu af nemendum, foreldrum, sérfræðingum og samstarfsfólki. Þeir lærðu með því að spyrja gagnrýnna spurninga, lesa, fara á námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur. Í fimmta lagi gerðu þeir sér grein fyrir fjölbreyttum nemendahópi. Fjölbreytileikinn birtist í mismunandi aldri, kyni, hæfileikum, þjóðerni, félags- og fjárhagslegri stöðu og einstaklingsmun í hverri kennslustofu. Í sjötta lagi voru kennarar vel meðvitaðir um lög og reglugerðir og nýttu sér það þegar þeir sóttu um stuðning fyrir sig og nemendur sína (Hafdís Guðjónsdóttir, 2003, bls. 5-6).

Það má segja að mikil ábyrgð sé lögð á herðar skólastjórnenda og eitt hlutverk þeirra sé að stuðla að umbótum í skólastarfi. Fullan (2001) bendir á að ekki sé skortur á tillögum þegar bæta þarf skólastarf. Sé þekking hins vegar ekki til staðar til að nýta tillögurnar verður ekki neitt úr neinu. Hann segir að umbótastarf byggist á þremur þáttum: samskipti og tengsl sem byggjast á opnum og heiðarlegum tjáskiptum, skuldbinding starfsmanna við sameiginleg markmið sem hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sameiginleg sýn á hvaða aðgerða er þörf. Róm var ekki byggð á einni nóttu og það gera umbætur í skólastarfi heldur ekki, það getur tekið allt að tíu árum þar til markmiðum er náð (Fullan, 2001).

4.2.4 Efniviður og stuðningur

Mikilvægt er að bjóða foreldrum upp á ýmis námskeið sem eflir þá til þess að taka þátt í skólastarfi, til dæmis fræðsla um þarfir barna, öryggismál, agavandamál og fleira. Skólinn ætti einnig að bjóða upp á stuðning við heimanám (Epstein ofl., 2002). Samkvæmt rannsókn Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur (2005) vilja 65% af þeim 180 foreldrum sem voru þátttakendur í rannsókninni stuðning í foreldrahlutverkinu á einn eða annan hátt. Flestir vilja stuðning til að byggja upp sjálfstraust, bregðast

við einelti, kynna sér námstækni, efla tilfinningaþroska og styrkja samskiptahætti.

Margir foreldrar af erlendum uppruna geta ekki hjálpað börnum sínum við heimanám sökum tungumálaörðugleika og skilja þar af leiðandi ekki námsefnið. Af þeim sökum er talið mikilvægt að foreldrar kynnist námsefni barna sinna og læri að nota það á árangursríkan hátt (C. A. M. Banks, 2005). Það kom fram í könnun Rauða kross Íslands (2006) að „foreldrar [af erlendum uppruna] vinna myrkranna á milli, oft í erfiðis- og/eða vaktavinnu og hafa þ.a.l. takmarkaðan tíma til að sinna börnum sínum. Börnin þurfa á miklum stuðningi að halda í skólanum, í sumum tilfellum eru foreldrar ólæsir og geta því takmarkað aðstoðað þau“ (bls. 21). Í því sambandi er mikilvægt að kennarar, skólastjórnendur og aðrir starfsmenn sjái til þess að foreldrar skilji hvað börnin eru að læra og bendi þeim á leiðir til þess að aðstoða við heimanám.

Foreldrar þurfa mikinn stuðning og getur það tekið langan tíma þar til markvisst samstarf á sér stað ef stuðningur er ekki til staðar (Siraj-Blatchford, 1994). Sigrún Júlíusdóttir (2001) fjallar um nauðsyn þess að náíð samstarf sé á milli foreldra og kennara um félagslega velferð nemenda. Til þess að svo megi verða bendir hún á fjölfaglegt teymi sem í sitja hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sérkennarar og sálfræðingar. Hlutverk teymisins er að sjá til þess að þjónusta sé sem aðgengilegust, án milliliða og að hver fagmaður nýtist í samræmi við sína sérþekkingu þannig að viðkomandi nemandi og fjölskylda hans fái viðeigandi þjónustu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Fjölfaglegt teymi stuðlar að góðu samstarfi milli heimila og skóla þar sem sérfræðiþekking fagaðila gæti komið í veg fyrir misskilning og þannig brúað bilið milli skólamenningar og heimamenningar nemenda. Björk Helle Lassen o.fl. (2007) taka undir hugmyndina um teymi sérfræðinga í grunnskólum landsins og benda jafnframt á að í hverju sveitarfélagi eða í hverjum skóla ætti að vera starfandi slíkt teymi.

Sigrún Júlíusdóttir segir að skortur sé á félagsráðgjöf í íslenskum grunnskólum en starfssvið þeirra sé meðal annars að vinna á heildrænan

hátt með nemendum, fjölskyldum og kennurum. Félagsráðgjafi er fjölskyldu innan handar þegar kemur að samfélagslegri samvinnu. Samvinna af þessu tagi felur í sér forvarnargildi og getur komið í veg fyrir minni háttar aðlögunarvandamál sem leiðir af sér stærri vanda (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Wrigley (2000) fjallar um gildi þess að hafa ákveðinn aðila innan skólans sem vinnur markvisst með foreldrum og er þá öðrum fremur tengiliður skólans við heimilin. Hlutverk hans er meðal annars að þýða bréf frá skóla yfir á tungumál fjölskyldu, útskýra og gera grein fyrir markmiðum skólustarfsins og sýna foreldrum þær leiðir sem hægt er að fara til þess að hjálpa börnum sínum í námi. Þessi aðili sinnir þá kennslustörfum í minna mæli en aðrir en þess má geta að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2006) og lögum um grunnskóla (91/2008, 13. grein) sinnir umsjónarkennari öðrum fremur hlutverki tengiliðs skólans við heimili og stuðlar að því að efla samstarf á milli skóla og heimila.

Menningarlegur margbreytileiki foreldrahóps býður upp á samstarf af öðrum toga en kennarar eru vanir. Að mörgu er að huga og í því sambandi er mikið lagt í hendur umsjónarkennara þar sem samskipti við foreldra gætu verið flókin og gæta þarf að einstaklings- og menningarleg viðhorf stangist ekki á með þeim afleiðingum að misskilningur eigi sér stað. Teymi sérfræðinga ætti því að vera góður kostur til að létta undir starfi umsjónarkennara, jafnframt að tryggja að foreldrar af erlendum uppruna fái þjónustu við hæfi.

4.2.5 Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfi

Þátttaka í skólustarfi felst ekki endilega í að vera í skólabyggingunni sjálfri og í því sambandi nefna Epstein o.fl. að mikilvægt sé að tengjast ýmsum félagasamtökum, stofnunum og fyrirtækjum í nærsamfélaginu. Kynna ætti framboð á tómskundastarfi og þjónustustofnanir fyrir nemendum svo þeir öðlist betri skilning á því samfélagi sem þeir búa í. Þá ætti skólinn að upplýsa fjölskyldur um námskeið sem geta nýst nemendum jafnt sem foreldrum og þá þjónustu sem er í boði í

samfélaginu og ganga úr skugga um að allir hafi jafnan aðgang að þjónustunni (Epstein o.fl., 2002).

Foreldrar búa yfir ólíkri reynslu og hæfileikum en hafa mismikinn áhuga fyrir sjálfbóðaliðastörfum innan skólans. Þess vegna ætti að hafa fjölbreytta möguleika til þátttöku í skólastarfinu og utan hans. Möguleiki foreldra til að taka þátt í skólastarfi ætti að endurspeglar fjölbreytileika þeirra, þar sem kökubakstur hentar ekki öllum sem dæmi. Það er ekki sjálfgefið að foreldri vilji eða hafi áhuga á að taka þátt í skólastarfi hvort sem það er innan skólans eða utan (C. A. M. Banks, 2005). Langflestir foreldrar eru útivinnandi og því er sveigjanleg dagskrá þeim nauðsynleg eigi þeir að taka þátt í sjálfböðnu starfi innan skóla. Foreldrar geta verið virkir á margvíslegan hátt, til dæmis tekið þátt í bekkjarferðum, skólaskemmtun, veitt aðstoð inni í bekk, kynnt störf sín eða áhugamál og þannig miðlað af sinni reynslu (Epstein, o.fl., 2002). Foreldrar, nemendur og aðrir innan skólasamfélags geta einnig komið með tillögur um hvernig efla ætti foreldrasamstarf, á þann hátt eru allir meðlimir skólasamfélags með í ákvarðanatöku (C. A. M. Banks, 2005).

4.3 Samantekt

Nemendur, foreldrar og kennarar njóta allir góðs af foreldrasamstarfi. Foreldrar kynnast betur skóla barnsins, gildi hans og stefnu með þátttöku í skólastarfinu. Auk þess kynnast þeir starfsfólki skólans betur og eyða meiri tíma með börnum sínum. Samstarfið hefur áhrif á mótun sjálfsmýndar og gildum nemenda auk þess að áhugi og metnaður eflist. Jafnframt hefur það áhrif á framkomu nemanda og getu hans til að taka árangursmiðaðar ákvarðanir.

Fjölskylda sem flytur til annars lands tekst daglega á við áskoranir og því fylgir álag á alla meðlimi fjölskyldunnar. Álagið sem fjölskyldan gæti þurft að glíma við getur haft áhrif á samstarf heimila og skóla. Til að stuðla að góðu samstarfi þurfa að vera virk, opin og jákvæð samskipti milli allra aðila í skólasamfélagi. Foreldrar hafa hugmyndir um skólastarf sem byggist á menningarlegum bakgrunni þeirra og sums staðar

er lítið á hlutverk skóla sem aðgreint og frábrugðið foreldrahlutverki. Í átt að árangursríku samstarfi við foreldra af erlendum uppruna er æskilegast að kennarar séu meðvitaðir um menningarbakgrunn foreldra. Jafnframt að vita hverjar væntingar þeirra séu til skólastarfsins og á nám barna sinna. Kennarar og starfsfólk skóla ættu að upplýsa foreldra um þær væntingar sem gerðar eru til barns, hvernig kennslu er háttað, hvernig námsefni er notað og veita foreldrum ráð um hvernig þeir geta stutt nám barns síns á árangursríkan hátt.

Stuðningur frá skólastjórn er eitt grundvallaratriði til að samhugur og samstaða ríki í skólasamfélagi auk þess þurfa að vera virk, opin og jákvæð samskipti milli allra aðila. Þá er æskilegast að kennarar og annað starfsfólk skóla hafi frumkvæði að samskiptum við foreldra af erlendum uppruna þar sem lítið gæti borið á þeim innan skólasamfélags sökum tungumálaörðugleika meðal annars. Jafnframt leggja sumir foreldrar allt traust sitt á fagmann og gera sér ekki grein fyrir eigin áhrifum. Foreldrar af erlendum uppruna þurfa mikinn stuðning frá kennurum og starfsfólki skóla og getur það tekið langan tíma þar til markvisst samstarf á sér stað ef stuðningur er ekki til staðar.

Fjölfaglegt teymi stuðlar að góðu samstarfi milli heimila og skóla þar sem sérfræðipækking fagaðila gæti komið í veg fyrir misskilning og þannig brúað bilið milli skólamenningar og heimamennningar nemenda. Hlutverk teymisins er að sjá til þess að þjónusta sé sem aðgengilegust, án milliliða og að hver fagmaður nýtist í samræmi við sína sérþekkingu þannig að viðkomandi nemandi og fjölskylda hans fái viðeigandi þjónustu. Samvinna af þessu tagi felur í sér forvarnargildi og getur komið í veg fyrir minni háttar aðlögunarvandamál sem leitt geta til stærri vanda.

5. Niðurlag

Ritgerð þessi hófst á umfjöllun um íslenskt samfélag sem fjölmeningarsamfélag og leiðir til aðlögunar. Í stefnumótun landsins eru ýmis gildi höfð að leiðarljósi um aðlögun innflytjenda eins og lýðræði, mannréttindi, samábyrgð og einstaklingsfrelsi. Aðlögunarferli innflytjenda að íslensku samfélagi samræmist ekki markmiðum stjórnvalda, að mínu mati, þar sem stór hluti innflytjenda á Íslandi eru í hópi þeirra sem minnst mega sín og jafnframt er hætt á að börn þeirra verði bágstödd í framtíðinni. Auk þess er umhugsunarvert að viðhorf Íslendinga í garð innflytjenda hefur farið versnandi undanfarin ár.

Áherslur í menntamálum á jafnrétti til náms og fjölbreytileika í kennsluaðferðum og námsefni eru skýrar. Stefnur um fjölmeningarlega menntun og skóla án aðgreiningar koma til móts við þann fjölbreytileika sem einkennir kennslustofu nútímans og er það skref í rétta átt. Markmið menntamála um samstarf milli heimila og skóla eru skýr og forsendur fyrir auknum samskiptum og samstarfi við foreldra af erlendum uppruna liggja fyrir.

Þær rannsóknir sem fjallað var um sýna meðal annars fram á mjög mikinn einstaklings- og menningarmun meðal innflytjenda. Það undirstrikar þörf fyrir aukna fræðslu innan skólasamfélaga um land allt til þess að sporna við fordómum og mismunun. Að mínu mati eru virk samskipti og frumkvæði frá skólum með þeim mikilvægustu atriðum í samstarfi milli skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna. Skólar ættu því tvímælalaust að hafa frumkvæði að samskiptum og leita fjölbreyttra leiða í átt að árangursríku samstarfi. Kennarar eru mikilvægir tengiliðir foreldra við samfélagið þar sem þeir hafa almennt þekkingu á ríkjandi tungumáli og menningu. Félagslegt netverk innflytjenda er af skornum skammti fyrst um sinn í nýju landi og þar með eru þau tengsl sem innflytjendur mynda við kennara og annað starfsfólk í skóla afar mikilvæg. Auk þess má fullyrða að samstarf hafi ákveðið forvarnargildi þegar þau atriði eru dregin saman sem hafa áhrif á nemandan í kjölfar samstarfs.

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er: Hvernig má stuðla að góðu samstarfi milli kennara og heimila nemenda af erlendum uppruna? Það má stuðla að góðu samstarfi með fjölbreyttum leiðum sem endurspeglar fjölbreytileika foreldrahópsins. Þá er afar mikilvægt að frumkvæði komi frá skóla. Tillögur Epsteins og félaga og C. A. M. Banks að árangursríku samstarfi heimila og skóla eru góðir leiðarvísar og sýna fram á ýmsar aðferðir til að auka þátttöku foreldra.

Það ætti að skapa aðstæður innan skólasamfélags þannig að öflugt samstarf skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna geti átt sér stað. Einnig ætti að auka þekkingu og skilning á því hvað fjölmenningsamfélag felur í sér og hvað það í raun merkir. Kennarar mæta krefjandi verkefnum í nútímasamfélagi og ekki er raunhæft að setja alla ábyrgð á þeirra herðar. Vinnan ætti að dreifast meira því að mörgu er að hyggja í samvinnu við fjölbreytt heimili. Hugmyndin um teymi sérfræðinga inn í grunnskóla landsins er af hinu góða þar sem nemendur, kennarar og foreldrar njóta góðs af fagþekkingu sérfræðinga. Þetta myndi líklegast styrkja tengsl foreldra, nemenda og starfsfólks skóla auk þess að stuðla að árangursríku samstarfi við foreldra af erlendum uppruna.

Við gerð ritgerðarinnar vöknudum upp nokkrar spurningar og meðal annars sú hvort stefnumótun og markmið íslenskra stjórnvalda í málefnum innflytjenda séu skýr. Auk þess velti ég því fyrir mér hvort áherslur menntamálayfirvalda á samstarf við foreldra af erlendum uppruna séu nægilegar. Það má einnig spyrja hvort áherslur og markmið séu nógu sýnileg og einkennandi fyrir íslenskt skólastarf og mannlíf? Að mínu mati er þörf á endurskoðun á málefni þessu og finna þarf leiðir til að koma stefnum og markmiðum í framkvæmd. Í ljósi nýlegra viðhorfskannanna væri áhugavert að athuga hver afstaða kennara til foreldra af erlendum uppruna er og hvort ákveðins afskiptaleysis gæti gagnvart þeim. Í lokin vil ég minnst á að líklega er meiri þörf á stuðningi við fjölskyldur nemenda af erlendum uppruna eftir að efnahagskreppan skall á haustið 2008 þar sem margir misstu sparifé sitt, eignir og atvinnu. Í ljósi þess að innflytjendur eru í hópi þeirra sem minnst mega sín í íslensku

samfélagi leikur grunur á að staða þeirra hefur versnað. Þess vegna er þörfin meiri núna en áður til að koma á mótis við fjölskyldur nemenda af erlendum uppruna og þar með mæta markmiðum Lýðræðisþjóðfélags um jafnrétti allra þegna og að allir hafi jafnan aðgang að gæðum samfélagsins.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. (2006). *Almennur hluti*. Menntamálaráðuneytið. Sótt 2. febrúar 2008 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf
- Arnar Árnason. (2003). *Hvað er menning?* Vísindavefurinn. Sótt 14. janúar 2008 af <http://visindavefur.is/?id=3156>
- Austurbæjarskóli. (e.d.). Sótt 23. desember 2008 af <http://www.austurbajarskoli.is/>
- Árni Böðvarsson. (1997). *Íslensk orðabók fyrir skóla og skrifstofur* (2. útgáfa). Skotland: Mál og menning.
- Banks, C. A. M. (2005). Families and teacher working together for school improvement. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues & perspectives* (5. útgáfa) (bls. 421–416). New York: Wiley/Jossey-Bass Education.
- Banks, J. A. (2005). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues & perspectives* (5. útgáfa) (bls. 3–30). New York: Wiley/Jossey Bass Education.
- Birna María Svanbjörnsdóttir. (2005). *Foreldrar og líðan barna. Vilja foreldrar stuðning í foreldrahlutverkinu?* Óbirt M.Ed-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild.
- Björk Helle Lassen, Friðga B. Jónsdóttir og Hildur Blöndal. (2007). Íslenskur veruleiki, samfélag og skóli. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennung á Íslandi* (bls. 151–182). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennunarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiments by nature and design*. Cambridge: Harvard University Press.
- Brooker, L. (2002). *Starting school. Young children learning cultures*. Buckingham: Open University Press.
- Dewey, J. (1916). *Democracy and education: An introduction to the philosophy of education*. New York: Macmillan.

- Eccles, S. J. og Harold, D. R. (1996). Family involvement in children's and adolescents' schooling. Í A. Booth og F. J. Dunn (ritstjórar), *Family-school links: How do they affect educational outcomes?* (bls. 3–34). Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.
- Eisner, E. W. (1995). Preparing teachers for schools of the 21st century. *Peabody journal of education*, 70(3), 99–111.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2007). Aðlögun Íslendinga erlendis. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 331–354). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Epstein, J. L. (1990). School and family connections: Theory, research, and implication for integrating sociologies of education and family. Í D. G. Unger og M. B. Sussman (ritstjórar), *Families in community settings: Interdisciplinary perspectives*. New York: Haworth Press.
- Epstein, J. L., Sanders, M. G., Simon, B. S., Salinas, K. C., Jansorn, N. R., og Van Voorhis, F. L. (2002). *School, family, and community partnerships. Your handbook for action* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Corwin Press.
- Erickson, F. (2005). Culture in society and in educational practices. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues & perspectives* (5. útgáfa) (bls. 31–60). New York: Wiley/Jossey-Bass Education.
- Eva Heiða Önnudóttir og Njörður Sigurjónsson. (2008). *Kynþáttahyggi og viðhorf til innflytjenda á Íslandi. Könnun meðal íslenskra ríkisborgara á kynþáttahyggi og viðhorfum þeirra til innflytjenda á Íslandi*. Borgarnes: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.
- Félagsmálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Sótt 24. janúar 2008 af http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf
- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Sótt 24. janúar 2008 af http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf
- Fjölmenningssetur. (e.d.). Sótt 23. desember 2008 af <http://www>

.mcc.is/fjolmenningarsetur/

- Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change* (3. útgáfa). New York: Teachers College Press.
- Guðrún Pétursdóttir. (1999). *Fjölmenningarleg kennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Reykjavík: Oddi.
- Guðrún Pétursdóttir. (2004). Fjölmenningarleg hæfni - nauðsyn í nútímasamfélagi? [rafræn útgáfa]. *Málfríður. Tímarit samtaka tungumálakennara á Íslandi*. 20(2), 15–17. Sótt 12. nóvember 2007 af http://malfridur.ismennt.is/haust2004/pdf/malfridur20-2_15-17.pdf
- Guðrún Pétursdóttir. (2006). *Hvað er fjölmenningarhyggja? Verður hún að lokum til þess að allir í heiminum tilheyri sömu þjóðinni?* Vísindavefurinn. Sótt 16. janúar 2008 af <http://visindavefur.is/?id=5746>
- Hafðís Guðjónsdóttir. (2003). Viðbragðssnjallir kennarar. *Glæður: Tímarit um uppeldismál*, 13(1&2), 59–66.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004a). Íslenskir skólar og erlend börn? Skólaþróun í fjölmenningarlegu samfélagi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 145–153.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004b). Vilji og væntingar: Rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 13, 91–110.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007a). *Collisions and continuities: Ten immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Osló.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007b). Fjölmenningarfræði. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 17–40). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Haynes, M. N. og Ben-Avie, M. (1996). Parents as full partners in education. Í A. Booth og F. J. Dunn (ritstjórar), *Family-school links: How do they affect educational outcomes?* (bls. 45–55). Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.
- Heimili og skóli. Landsamtök foreldra. (e.d). Sótt 28. júní 2008 af <http://www.heimiliogskoli.is>

- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon. (2004). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi. Rannsókn meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi árin 1997 til 2004*. Sótt 21. nóvember 2007 af http://redcross.is/redcross/upload/files/pdf/nybuar_nov05.pdf
- Íslenskar markaðsrannsóknir hf. (2000). *Fólk af erlendum uppruna- viðhorfsrannsókn*. Reykjavík: Gallup.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008 sótt 23. desember 2008 af <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008091.html>
- Macdonald, A. (2006). *Hvaða breytingar á hugmyndafræði í menntamálum eru líklegar eða fyrirhugaðar á næstu árum eða áratugum? Vísindavefurinn*. Sótt 23. febrúar 2008 af <http://visindavefur.is/?id=5602>
- Miranda, A. H. (1993). Consultation with culturally diverse families. *Journal of educational and psychological consultation*, 4(1), 89–93.
- Mörður Árnason. (2002). *Íslensk orðabók* (3. útgáfa). Reykjavík: Edda.
- Nanna Kristín Christiansen. (2007). Hver á eiginlega að ala börnin upp, foreldrar eða kennarar? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Nieto, S. (1999). *The light in their eyes. Creating multicultural communities*. New York og London: Teachers College Press.
- Noel, J. (2000). *Developing multicultural educators*. New York: Longman.
- Ný menntastefna. (2008). Sótt 13. ágúst 2008 af <http://www.nymenntastefna.is/grunnskolar>
- Portes, A. og Rumbaut, R. C. (2001). *Legacies. The story of the immigrant second generation*. Berkely: University of California Press.
- Rachels, J. (1997). *Stefnur og straumar í siðfræði* (Jón Á. Kalmansson, þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan. (Frumútgáfa 1986).
- Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar. (e.d.). Sótt 8. desember 2008 af <http://wp.khi.is/skolianadgreiningar>
- Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Gunnar

- Bernburg. (1997). *Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Rauði kross Íslands. (2000). *Landskönnun – þeir sem minnst mega sín*. Reykjavík: Rauði kross Íslands. Sótt 13. desember 2008 af <http://redcross.is/redcross/upload/files/pdf/hvarthrengir.pdf>
- Rauði kross Íslands. (2006). *Hvar þrengir að? Könnun á stöðu þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi*. Reykjavík: Rauði kross Íslands.
- Rauði kross Íslands. (2007). *Könnun á stöðu innflytjenda á Norðurlandi*. Rannsóknarskýrsla. Rauði kross Íslands. Sótt 13. ágúst 2008 af <http://www.redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1039679/Innfltjendak%C3%B6nnun+Nor%C3%B0urlandi.pdf?wosid=false>
- Reese, L. (2001). Morality and identity in mexican immigrant parents' vision of the future. *Journal of ethnic and migration studies*, 27(3), 455–472.
- Reykjavíkurborg. (2001). *Fjölmenningarstefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 21. ágúst 2008 af <http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/stjornkerfi/stefnumorkun/fjolmenningarstefna.pdf>
- Reykjavíkurborg. (2006). *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 10. júlí 2008 af <http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/stjornkerfi/stefnumorkun/mannrettindastefna.pdf>
- Rúnar Helgi Andrason. (2003). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í Heilbrigðisvísindum* (bls. 281–293). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Rúnar Sigbórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (1999). *Aukin Gæði Náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Segall, M. H., Dasen, P. R., Berry, J. W. og Poortinga, Y. H. (1991/1999). *Human behavior in global perspective. An introduction to cross-cultural psychology* (2. útgáfa). Boston: Allyn & Bacon.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar

rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í Heilbrigðisvísindum* (bls. 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Siraj-Blatchford, I. (1994). *The early years. Laying the foundations for racial equality*. England: Trentham Books.

Siraj-Blatchford, I. og Clarke, P. (2000). *Supporting identity, diversity and language in the early years*. Buckingham: Open University Press.

Steinunn Helga Lárusdóttir. (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Toma, T. (2007). Fordómar og starf gegn fordómum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 57–73). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Valdés, G. (1996). *Con respeto: Bridging the distances between culturally diverse families and schools: An ethnographic portrait*. New York: Teachers College Press, Columbia University.

Willis, P. (1981). *Learning to labor: How working class kids get working class jobs*. New York: Columbia University Press.

Wrigley, T. (2000). *The power to learn. Stories of success in the education of Asian and other bilingual pupils*. Stoke on Trent: Trentham Books.

Wrigley, T. (2003). *Schools of hope. A new agenda for school improvement*. Stoke on Trent: Trentham Books.